

Innheimtustofnun sökuð um ógnarstjórnun

FRÁSAGNIR FJÖGURRA KVENNA

12. APRÍL 2019 / 15. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

„TIFANDI TÍMASPRENGJA“



Sprautufiklar og
átök í Gistiskýlinu




DRÖV

ÞEKKIR ÞÚ BÖRNIN?



ÞVOTTABJÖRN VELDUR USLA



Áhrifavaldurinn
Sólrún Diego auglýsir
vörur unnustans
„Þetta kemur
henni ekkert við“

Rokkamma sjötug

Útvarpsmaður og plötusnúður í áratugi
Kynhneigðin aldrei verið stórmál



Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli

undir flestar tegundir bíla

VIKURVAGNAR

Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

MANNDRÁP KVENNA Á ÍSLANDI



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Síðustu orðin
„Það er afar fagurt þarna yfir frá.“

— Bandaríski uppfinninga- og kaupþýslumaðurinn Thomas Alva Edison — (1847-1931)

Á þessum degi, 12. apríl



627 — Edwin, konungi af Norðymbra-landi, er snúið til kristni af Paulinus Jórvíkurbiskupi.



1606 — Breski ríkisfáninn, Union Jack, verður fáni enskra og skoskra skipa.



1927 — Hvirfilbylur að F5 styrkleika gengur yfir Rocksprings í Texas. Þessi þriðji banvænasti hvirfilbylur í sögu Texas leggur bæinn í rúst; 235 af 247 byggingum eyðileggjast, 72 bæjarbúar láta lífið og 205 slasast.



1981 — Fyrstu geimskutlunni, Columbia, er skotið á loft.

YFIRHEYRSLAN

Jóhannes Felixson, eða **Jói Fel** eins og Íslendingar þekkja hann, hefur bakað úrvals brauð og bakkelsi í fjöldamörg ár. Hann hefur gefið út metsölubækur um matreiðslu og hefur nýlega vakið athygli fyrir að vera lunkinn list-málari. DV tók Jóa í yfirheyrslu.

til þess. Eftir það langaði mig bara að elda og baka.

Ertu með fóbíu fyrir einhverju?

Ég þoli ekki grænar baunir. Svo er ég alltaf svaka hræddur við að stinga nýjum græjum í samband, held alltaf að ég fái straum eða allt slái út.

Hjúskaparstaða og börn?

Er í sambúð með Evu frá Vestmannaeyjum (sumir vita hvað það þýðir). Ég á svo tvö yndisleg börn, Rebekku og Jóa Fel Jr. Svo fylgdi með í kaupbæti ein fósturdóttir.

Fyrsta starfið?

Ég byrjaði að vinna sem bakari 16 ára, þannig að það er fyrsta alvöru starfið. En nokkur sumur þar á undan vann ég sem handlangari hjá smiðum og múrum.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Að setja mig alltaf í spor annarra til að sjá hlutina frá öðru sjónarhorni.

Trúir þú á drauga?

Það er ekki hægt að trú á það sem er ekki til.

Hvað vildir þú verða þegar þú varst krakki?

Var ekki krakki. En ætlaði að verða atvinnumaður í fótbolta en komst svo að því að maður þarf víst að vera mjög góður

Hvenær vaknar þú á morgnana?

Vakna alltaf klukkan fimm svo ég hafi tíma fyrir sex.

Uppáhaldsípróttalið á Íslandi?

Er fæddur og uppalinn í Safarmýrinni þannig að ég er Frammari.

Mannkostir þínir?

Tel mig vera harðduglegan. Ég þoli nefnilega ekki aumingja.

En lestir?

Æi, stundum er ég sonna aumingi.

Hver myndi leika þig í kvikmynd?

Ólafur Darri, enginn annar myndi þora því.

Uppáhaldshljómsveit?

Dimma, Bubbi og Bó.

Sturta eða það?

Sturta. Ég kemst ekki ofan í það.

Te eða kaffi?

Kaffi og ekkert sull.

Hvað tekur þú í bekk?

Adeins minna en ég gerði fyrir 20 árum.

Leiðinlegasta húsverkið?

Ég komst að því að það er hægt að strauja heima hjá sér. Ég skil það ekki og hef aldrei gert það og mun aldrei gera það nokkurn tímann. Enda kann ég það ekki og langar ekki að læra það.

Átt þú gæludýr?

Hundurinn Snúður hefur fylgt mér í 11 ár og nú á hann kærustu.

Eitthvað að lokum?
Gott ef enginn les þetta.



GRÆNA TUNNAN AUÐVELDAR FLOKKUNINA



Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola Hugsum áður en við hendum!



Pantaðu grænu tunnuna í síma 577-5757 eða www.igf.is/panta



dk iPos snjalltækjalausn fyrir verslun og þjónustu

Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi

dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018



Hver er hann

■ Sat í borgarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn

■ Æfir duglega í World Class

■ Er bróðir leikkonunnar Kötlu Margrétar Þorgeirsdóttur

■ Lögmaður í Shaking Baby Syndrome-málinu

■ Var skipaður skiptastjóri yfir WOW



SVAR: SVEININN ANDRI SVENSSON

Það er staðreynd að...



Kvenhýenur eru með óbrokkaðan getnaðarlim.



Aðeins 30 prósent fólks geta blakað nasavængjunum.



Hrár aspas er örlítið eittraður.



Fyrstu heimildir um Lagarfjótorminn eru frá árinu 1345.

Dýrast að fara í sund í Húsafelli

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Íslendingar hafa lengi verið duglegir við sundiðkun enda er landið þekkt um allan heim fyrir góðar, hreinlegar og upp-hitaðar sundlaugar. Margir af þeim Íslendingum sem flutt hafa til útlanda hafa meðal annars greint frá því að sundlaugar landsins séu eitt af því sem þeir sakni hvað mest eftir þegar út í heim er komið. Nú fer senn að hlýna í veðri og þá fara enn fleiri að sækja sundstaði landsins og ákvað DV því að kanna verð hjá nokkrum vinsælum sundlaugum. Ef skoðaður er vefurinn sundlaugar.is má sjá að ódýrast er fyrir fullorðna að fara í sund í Hafnarfirði en aftur á móti er frekar dýrt að leigja sér sundföt og handklæði í bæjarfélaginu.

Bæði á Akureyri og í Borgarnesi þurfa börn og aldraðir að borga fyrir aðgang í sundlaugina en í Garðabænum og á Álftanesi þarf

Frítt fyrir sama hóp í Garðabæ og á Álftanesi

sami hópur fólks ekki að greiða neinn aðgangseyri. Þá virðist sundlaugin í Húsafelli vera langdýrust af öllum þeim sundlaugum sem DV tók fyrir. Það ber að taka fram að fleiri sundlaugarstaði er hægt að skoða á heimasíðunni en þá sem blaðamaður skoðaði. ■



Sundstaður	Fullorðnir	Börn	Eldri borgarar	Handklæði	Sundföt
Álftaneslaug/Ásgarðslaug	700 krónur	0	0	550 krónur	550 krónur
Reykjavík	1.000 krónur	0-160 kr.	0	600 krónur	900 krónur
Hafnarfjörður	600 krónur	0-140 kr.	0	700 krónur	700 krónur
Kópavogur	950 krónur	0	0	600 krónur	600 krónur
Borgarnes	920 krónur	310 kr.	310 krónur	Ótilgreint	Ótilgreint
Stykkishólmur	950 krónur	0-300 kr.	300 krónur	700 krónur	700 krónur
Húsafell	1.300 krónur	0-400 kr.	Ótilgreint	1.000 krónur	1.000 krónur
Flateyri	620 krónur	0	310 krónur	310 krónur	310 krónur
Ísafjörður	620 krónur	0	310 krónur	310 krónur	310 krónur
Hofsós	1.000 krónur	0-300 kr.	300 krónur	650 krónur	650 krónur
Sauðárkrókur	900 krónur	0-300 kr.	300 krónur	650 krónur	650 krónur
Akureyri Glerárslaug	1.000 krónur	250 kr.	250 krónur	850 krónur	850 krónur
Laugar	800 krónur	0-350 kr.	350 krónur	400 krónur	400 krónur
Húsavík	800 krónur	0-350 kr.	350 krónur	750 krónur	750 krónur
Neskaupstaður	900 krónur	250 kr.	Ótilgreint	550 krónur	550 krónur
Egilstaðir	1.000 krónur	300 kr.	Ótilgreint	Ótilgreint	Ótilgreint
Flúðir	800 krónur	0-400 kr.	0	340 krónur	340 krónur
Hella	1.000 krónur	0-300 kr.	500 krónur	600 krónur	600 krónur
Laugarvatn	1.000 krónur	0-500 kr.	0	600 krónur	600 krónur
Selfoss	1.000 krónur	0-150 kr.	200 krónur	800 krónur	800 krónur
Vestmannaeyjar	950 krónur	0-200 kr.	Ótilgreint	950 krónur	950 krónur

GIMLI

FASTEIGNASALA



KÖGURSEL, 109 REYKJAVÍK
75.900.000 kr.

Tegund Einbýli á 2 hæðum
Stærð 199 M²
Herbergi 6



NAUSTABRYGGJA, 110 REYKJAVÍK
79.900.000 kr.

Tegund Fjölbýli
Stærð 184 M²
Herbergi 6



KVÍSLARTUNGA, 270 MOSFELLSBÆR
86.900.000 kr.

Tegund Parhús á 2 hæðum
Stærð 286 M²
Herbergi 7

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / S. 570 4800

www.gimli.is


BJÓÐUM UPPÁ FRÍTT SÖLUVERÐMAT



Útfararstofa Íslands

Flestir þurfa einhvern tímann að horfast í augu við dauðann. Að missa ástvin eða ættingja er eitt það erfiðasta sem við göngum í gegnum. Tilfinningar eru margvíslegar. Sorgin er eðlileg viðbrögð. Óhjákvæmilega þarf þá að huga að þeim þáttum er snúa að útför þess látna.

Spurningarnar eru margar. Þá er gott að geta leitað til aðila sem hafa þekkingu og reynslu á þeim þáttum. Við hjá Útfararstofu Íslands búum yfir þessari reynslu og höfum starfað við útfararþjónustu um árabíl.



Kristín
Ingólfssdóttir

Sverrir
Einarsson

Margrét Ásta
Guðjónsdóttir

Skrifstofa Útfararstofu Íslands er til húsa í Auðbrekku 1, 200 Kópavogi.

Þar er einnig góð aðstaða sem prestar og aðstandendur geta rætt saman í næði.

Skrifstofan er opin frá 8.00 til 17.00 virka daga, en þjónusta er allan sólarhringinn og um helgar.

Sími: 581-3300 og 896-8242

www.utforin.is

MYND: HANNA/DV

Innheimtustofnun sveitarfélaga Fjórar konur stíga fram og deila reynslu sinni af yfirmanni.

Fyrirverandi starfsfólk sakar Innheimtustofnun um ógnarstjórnun

■ Tala um mikla starfsmannaveltu á litlum vinnustað ■ Meint afskipti af einkalífi starfsfólks

Ágúst Borgbór Sverrisson
agustb@dv.is



Andlegt ofbeldi, einelti, ógnarstjórnun, yfirgangur gegn konum, margföld trúnaðarbrot og furðuleg afskipti af einkalífi starfsmanna eru á meðal ásakana sem fjórir fyrirverandi starfsmenn Innheimtustofnunar sveitarfélaga – allt konur – bera á stjórnendur stofnunarinnar. Halda þær því fram að forstöðumaður úti-

bús stofnunarinnar á Ísafirði stýri stofnuninni eins og einkafyrirtæki sínu. Meginhlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er innheimta meðlagsgreiðsla og er ekki um stóran vinnustað að ræða. Aðalstöðvarnar eru í Reykjavík, útibú var opnað á Flateyri árið 2011 en var síðan flutt til Ísafjarðar. Starfsmenn eru núna átta á Ísafirði og tólf í Reykjavík.

Þær Braga Ósk Bragadóttir, Elsa Óskarsdóttir, Guðríður Kristjánsdóttir og Daðína Helgadóttir

eru allar fyrirverandi starfsmenn Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Allar vitna þær um ákveðið mynstur framkomu í garð starfsmanna sem falla í ónáð forstöðumannsins og nefna þær dæmi um starfslok fjögurra starfsmanna í kjölfar hegðunar sem þær líkja við ofsóknir. Allir starfsmennirnir eru konur. Braga lýsir því auk þess hvernig hún telur sig hafa verið rægð á meðal fyrirverandi starfsfélaga sinna á Ísafirði sem hafa lokað á öll samskipti við hana.

Þær segja mikinn ótta ríkja meðal starfsfólksins vegna stjórnarhátta forstöðumannsins og að starfsfólk þori ekki að gagnrýna stjórnunina nema í einkasamtölum sín á milli.

Á borðinu liggja alltaf tvö bréf

Daðína Helgadóttir segir: „Ég byrjaði að vinna hjá stofnuninni á Flateyri árið 2008. Þá starfaði Guðríður ásamt þáverandi forstöðumanni þarna, en núverandi forstöðumaður tók til starfa 2010. Sumarið 2013 var ég kölluð inn til hans og fékk val um að segja upp eða vera sagt upp og hann færi með það alla leið, hvað sem það svo þýðir annað en að vera ákveðin hótun. Svo mátti ég ekki ræða þetta við neinn og það var erfitt. Ég hætti einmitt 30. júlí, alveg á leiðinni í sumarfrí, ætlaði að byrja í því 1. ágúst, búin að hlakka rosalega mikið til, þar sem dóttirin var að fara að eignast sitt fyrsta barn. Þetta varpaði skugga á bæði þá upplifun ásamt því að sumarfríið varð meira stressandi, þar sem maður vissi ekki hvað væri framundan. En það má kannski segja að litli ömmustrákurinn minn hafi bjargað geðheilsu ömmu sinnar á þessum tíma. Mér var ekki boðinn starfslokasamningur á þessum tíma, en fékk svo að vita símléiðis að þeir myndu borga mér laun í þrjá mánuði.“

Braga segir: „Ég var fyrsti starfsmaðurinn sem þessi tiltekni forstöðumaður réð til starfa. Ég man vel eftir þeim degi þegar hann kallaði Daðínu inn til sín, hún kom fram um hálf tíma síðar og sagði mér að hún þyrfti að kveðja mig, hún hefði ákveðið að segja upp. Hún pakkaði bara saman dótinu sínu og fór og ef ég man rétt þá var klukkan um 14.00. Þetta var mjög svo furðulegt. Það var enga vinnu aðra að hafa fyrir hana á svæðinu en hún bjó á Þingeyri og tók strætisvagn í vinnuna á Flateyri.“

Ástæða uppsagnarinnar var ekki samdráttur heldur átti

starfsmönnum eftir að fjölga úr fjórum í átta. „Hann vildi koma sínu fólki að. Vinur hans var ráðinn í þetta starf skömmu síðar,“ segir Braga.

Önnur kona segist hafa hlotið sömu örlög árið 2015. Guðríður Kristjánsdóttir segir:

„Framkoma forstöðumannsins í garð minn breyttist mikið, hann gerði allt til þess að mér liði illa. Í desember 2015 gerðist þetta: Við vorum þá að fara í jólahlaðborð á vinnustaðnum klukkan 17 með fjölskyldum okkar, en þetta var 16. desember. Það fóru allir heim nema ég og forstöðumaðurinn þar sem ég bjó á Flateyri og var með sparifötin í bílnum, ég var kölluð inn til hans klukkan 15.45, og þar biðu mín tvö bréf. Annað var uppsagnarbréf og hitt bréf um að ég segði sjálf upp starfi. Þarna mátti ég sitja, rétt áður en jólahlaðborð átti að hefjast og velja.“ Guðríður flutti suður í kjölfarið, eftir 50 ára búsetu á Flateyri.

Braga segir um þetta atvik: „Þetta var skelfilegt. Klukkan korter fyrir fimm var hringt dyrabjöllunni hjá mér. Guðríður stóð fyrir utan og sagði við mig um leið og ég opnaði: „Vissir þú þetta?“ Hún sagði mér síðan hvað hefði gerst. En forstöðumaðurinn reyndi án árangurs að sannfæra mig, þegar ég mætti klukkan 17, um að Guðríður hefði verið orðin óánægð í starfi og viljað hætta. Það er hins vegar alrangt.“

Þess má geta að forstöðumaðurinn og Guðríður sendu frá sér hvort sinn tölvupóstinn til vinnufélaganna þar sem þau lýstu orsökum brothvarfsins með afar ólíkum hætti. Forstöðumaðurinn skrifaði meðal annars:

„Guðríður hefur ákveðið að hverfa til annarra starfa frá og með deginum í dag. Hún sagði upp störfum við lok dagsins í dag. Við óskum henni að sjálfsögðu velfarnaðar í nýjum störfum.“

Guðríður skrifar hins vegar: ►

ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

HUNDAFÓÐUR ÁN HLIÐSTAÆDU

gæludýr.is
www.gaeludyr.is

- Frábær heimilismatur í hádeginu -



HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ

Opið virka daga 07.30- 15.00. Laugardag 09.00-14.00



Kænan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. www.kaenan.is info@kaenan.is



Útibúid á Ísafirði Kvörtun starfsmanns vegna forstöðumansins endaði á hans bordi.

Starfsferillinn minn var tekinn og settur í tætarann

innan stofnunarinnar standi frammi fyrir. Í sögu hennar er meðal annars að finna dæmi um, að því er virðist, ef satt er, stórfurðulega afskiptasemi af einkalífi starfsfólks og maka þeirra, kvartað yfir því að þessi og hinn séu ekki Facebook-vinir, auk þess sem Braga var sökuð um einelti á vinnustað án þess að hún hefði nokkurn tímann fengið að vita efnisatriði þess eineltismáls, að hennar sögn.

Segir að farið hafi verið í tölvupóstinn hennar og rótað í skrifbordinu

„Mín saga er lengri og stærri en hinna vegna þess að ólíkt hinum konunum var ég staðráðin í að láta þennan mann ekki vaða yfir mig,“ segir Braga. Í byrjun árs 2018 segist hún hafa upplifað mikla breytingu á hegðun forstöðumansins í hennar garð á vinnustaðnum. „Það kom til dæmis fram í því að hann gekk út af kaffistofunni ef ég kom þangað inn og fleira af slíku tagi. Ég var greinilega fallin í ónáð og af fyrri reyngu vissi ég að farið var af stað ferli sem yrði ekki stöðvað og gæti bara endað á einn hátt.“ Þess skal getið að Braga og forstöðumaðurinn þekktust vel og voru góðir vinir eins og flestir starfsmenn útibúsins á Ísafirði, enda um lítið samfélag að ræða. „Við vorum nágarnar og vinskapur okkar náði langt aftur.“

Hluti af þessari sögu varða atburði í einkalífi Brögu sem áttu sér stað um sama leyti: „Ég á son sem var í mikilli neyslu um þetta leyti og rétt eftir áramótin fékk ég tilkynningu um að hann væri á milli heims og helju á sjúkrahúsi. Ég upplýsi það fúslega hér að ég fékk taugaáfall vegna þessa og fór til læknis sem fyrirskipaði tveggja vikna veikindaleyfi. Á þeim tíma kom ég drengnum mínum í meðferð til Svíþjóðar. Ég sendi tölvupóst á allar vinkonur mínar í vinnunni – þennan góða hóp – og lét þær vita að ég yrði frá í tvær vikur.“

Á þessum tíma fékk ég tilkynningu um það í símann að það hefði verið farið í tölvupóstinn minn. Ég hafði samband við kerfisstjórnann og sagði að það væri búid að hakka tölvupóstinn minn. Þegar ég hafði samband við forstöðumanninn viðurkenndi hann að hafa farið í póstinn til að setja inn tilkynningu um að ég væri í veikindaleyfi. En ég hafði sjálf sett inn slíka tilkynningu.“

Þegar Braga kom til baka úr veikindaleyfinu í febrúar kom í ljós að hún hafði misst prókúru inni í einkabanka stofnunarinnar og innkaupaverkefni á veitingum

Á bordinu liggja alltaf tvö bréf

„Sælt veri fólkið
Langaði að senda ykkur línu og greina frá atburðum dagsins, þannig er að mér voru gefnir úrslitakostir að segja upp eða vera sagt upp með einhverju áminningaferli og leiðindum. Ástæðan er mér frekar óljós, en jú að sögn fyrrverandi yfirmanns er ég víst svo pirruð og óánægð að hann treystir sér ekki lengur til að hafa mig starfandi með hópnum og jú

svo hef ég ekki stadið mig nógu vel í símsvörun. Og ekki má nú gleyma að einhver lítil mús tilkynnti honum í gær að ég hefði stolist út í smök utan matar/kaffi tíma.

En allavega ber mér að hætta núna strax korter í jólahlaðborð sem yfirmanninum fannst nú reyndar að ég ætti að mæta á (mjög sérstakt) og korter í jól. Þannig að ég vil þakka ykkur

fyrir góð kynni og gott samstarf á undanförunum árum og óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla.“

„Þú finnur það þegar það byrjar og svo ágerist það. Allt í sambandi við manneskjuna fer að fara í taugarnar á honum og smám saman verður allt starfsmanninum að kenna,“ segir Elsa um framgöngu forstöðumansins.

„Um leið og maður er búinn að segja upp þá er maður orðinn óvinur“

„Mín saga er frábrugðin sögum hinna kvennanna,“ segir Elsa. „Það var ekki þessi langi undanfari vaxandi andúðar og eineltis. Ég starfaði í höfuðstöðvunum í Reykjavík en forstöðumaðurinn umræddi var á Ísafirði. Forstöðumaðurinn

gat hins vegar ekki unnað mér að ganga út úr stofnuninni með reisu.“

Elsa hafði sagt upp störfum vegna óánægju með starfsandann á stofnuninni sem bæði hún og Braga segja að gegnsýri bæði starfsstöðina á Ísafirði og aðalstöðvarnar í Reykjavík. Mikil vinátta ríki á milli forstjórans og forstöðumansins og af þeim sökum sé enginn trúnaður við starfsfólk virtur. Allt sem sagt sé við forstjórnann um erfiðleika í samskiptum við forstöðumanninn rati til forstöðumansins og leiði hefnd yfir þann sem kvartaði. Lokaniðurstaðan sé alltaf sú sama: Val um að segja upp eða vera rekinn.

„Þann 23. mars 2017 fór forstjóri stofnunarinnar í frí og forstöðumaðurinn kom suður og leysti hann af,“ segir Elsa enn fremur. „Ég hafði sagt upp störfum og bað forstjórnann um að tjá sig ekki um það þar sem ég vildi fá að segja samstarfsfólki mínu sjálf frá uppsögninni. Sama dag og forstöðumaðurinn kemur suður kallar hann mig inn á skrifstofu og tjáir mér að að frekara vinnuframlags af minni hálfu væri ekki óskað. Var mér gert að hætta strax en ég fengi greiddan allan uppsagnarfrestinn. Kom þetta mér í opna skjöldu þar sem trúnaðurinn við forstjórnann var augljóslega brostinn.“

Það var ekkert annað í boði fyrir mig en að fara strax. Það var í raun og veru verið að reka mig þó að ég hafi sagt upp. Ég átti ekki að fá að halda reisu, um leið og maður er búinn að segja upp er maður orðinn óvinur.

Það þarf að gera honum ljóst að hann á ekki Innheimtustofnun sveitarfélaga, þetta er opinber stofnun sem hann fer með eins og væri hans eigið fyrirtæki, og kemst upp með það af því að hann virðist hafa vin sinn, forstjórnann, í vasanum. Það er þess vegna sem við stígum fram, ekki til að opinbera einhverja harmsögu í lífi okkar, því við jöfnum okkur allveg á þessu mótlæti, heldur til að leiða í ljós hvað viðgengst í daglegri stjórnun og starfsmannamálum í þekktari ríkisstofnun,“ segir Braga.

Braga segist hafa streist lengi á móti hinum þekktu afarkostum sem starfsfólk er fellur í ónáð

GÆÐA BAKKAMATUR

MISMUNANDI RÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR



AFGREIÐUM HÁDEGISMAT Í BÖKKUM
ALLA DAGA ÁRSINS TIL FYRIRTÆKJA OG STOFNANA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***





Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

MYND: HANNA/DV

Gistiskýlið við Lindargötu

Að sögn hefur ástandið hefur farið hriðversnandi undanfarin tvö ár.

Gistiskýlið við Lindargötu: „Tifandi tímasprengja!“

■ Sprautufíklar hafa nánast yfirtekið gistiskýlið ■ Starfsmenn ósáttir við fyrirkomulagið ■ Engin neyslurými í gistiskýlinu, að sögn forstöðumanns

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Það er gríðarleg óánægja meðal starfsfólks niðri í gistiskýli og mikil starfsmannavelta hefur verið

undanfarna mánuði. Aðalástæðan er sú að þarna eru rekin sjö neyslurými fyrir sprautufíkla og dreifast þau á allar þrjár hæðir hússins. Þetta skapar gríðarlega hættu fyrir bæði okkur starfsfólkið og líka skjólstæðingana sem búa í húsínu.

Margir þeirra eru bara venjulegir karlar sem eru tímabundið heimilislausir, til dæmis vegna skyndilegra sambúðarslita og svo framvegis. Þessir menn eru margir ekki í neyslu," segir Tómas Jakob Sigurðsson, starfsmaður gistiskýlis-

ins við Lindargötu.

Tómas og margir samstarfsfélagar hans eru mjög ósáttir við hvernig rekstur gistiskýlisins hefur þróast á undanföllum árum, eftir að tekin var upp svokölluð skaðaminnkunarstefna. Forstöðumaður gistiskýlisins, Þór Gíslason, er á meðal stofnenda Frú Ragnheiðar sem gengst fyrir skaðaminnkandi aðgerðum í málum sprautufíkla.

„Stærstur hluti þeirra sem sækja í gistiskýlin er alkóhólistar. Síðan breyttist þetta fyrir tæplega tveimur árum þegar tekin var upp þessi skaðaminnkunarstefna. Þá var opnað fyrir það að menn gætu sprautað sig inni á salernum. Það eru settir þarna gulir dallar fyrir notaðan búnað og boðið upp á hreinar sprautunálar. Það hefur verið reynt að hafa einhverjar reglur um þetta, til dæmis að menn séu skráðir inn í hús. En þetta fer meira og minna úr böndunum, því það er miklu meiri aðsókn í þetta en húsið leyfir. Núna er það ekki bara þessi stóri hópur fólks sem er á götunni, heldur bætast við sprautufíklar, og meðal þeirra eru menn sem aldrei áður hafa nýtt sér gistiskýlið sem slíkt, en nýta sér aðstöðuna til að geta sprautað sig," segir Tómas.

Ekki viðurkennt að neyslurými sé á staðnum

Tómas segir að starfsmenn hafi tekist á um þetta mál við forstöðumannsins á sérstöku spjallsvæði. Þar neiti hann því að um neyslurými sé að ræða. Stefnan sé sú að líta fram hjá neyslu. Orðrétt skriftaði forstöðumaðurinn meðal annars í þessum umræðum: „Og hér er þar sem ég stíg fast niður fæti, jafnt gagnvart

ykkur sem öðrum sem tala gegn skaðaminnkun. Það er unnið samkvæmt skaðaminnkandi aðferðafræði í gistiskýlinu og það er ekki ykkar að ákveða annað.“

Baldur Bergþórsson, vara-borgarfulltrúi Miðflokksins, hefur kynnt sér starfsemi gistiskýlisins og blöskrar ástandið. Hann og Tómas eru sammála um að ekki sé með nokkrum hætti hægt að andmæla því að í húsínu séu rekin neyslurými fyrir sprautufíkla. „Þetta er bara súrealískt," segir Baldur um þá afstöðu að afneita því að neyslurými sé í gistiskýlinu.

Hann bendir á að í nýju lagafrumvarpi sem Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur lagt fram og miðar að tilslökun á reglum um skaðaminnkandi aðgerðir, sé gert ráð fyrir að uppfyllt séu mjög ströng skilyrði til að mega reka slík rými. Segir meðal annars í frumvarpinu:

„Neyslurými er lagalega verndað umhverfi þar sem einstaklingar sem eru 18 ára og eldri geta neytt ávana- og fíkniefna í æð undir eftirliti heilbrigðisstarfsmanna og þar sem gætt er fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingavarna.“

Baldur bendir á að engin af þessum skilyrðum séu uppfyllt í gistiskýlinu, en þar séu rekin neyslurými, hvort sem forstöðumaðurinn viðurkennir það eða ekki, við óviðunandi og stórhættulegar aðstæður.

„Þetta er á þremur hæðum og allt út í ranghölum. Þarna eru aðeins tveir starfsmenn á vakt hverju sinni á nóttunni og stundum allt að 30 manns í húsínu," segir Baldur sem heimsótti gistiskýlið á

Framhald á síðu 14

BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR



Sérsmíðum eftir
óskum hvers og eins



Fanntófell

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is




NÝ VÖRULÍNA LÝSI LIFE



MYND: HANNA/DV



Baldur (t.v.) og Tómas



Brotin rúða Oft kemur til átaka í gistiskýlinu.



Óbodlegt ástand Starfsfólk vill neyslurýmin út.



dögunum og tók þar myndir sem fylgja fréttinni. Segir Baldur að sér hafi verið mjög brugðið og segist hann þó ýmsu vanur í þessum efnum, en hann var lengi gæslumaður á Kleppi í gamla daga og sinnti erfiðustu sjúklingum auk þess að hafa starfað í öryggisgæslu.

„Þarna eru aðeins tveir að störfum hverju sinni og ekki raunhæfur möguleiki að kalla út bakvakt ef eitthvað kemur upp á. Þetta er stórhættulegt og ég mun leggja til í borgarstjórn að gistiskýlinu verði lokað,“ segir Baldur enn fremur.

Vilja sprautufíklana og neyslurýmin út

Tómas bendir á að starfsmenn hafi enga þjálfun eða menntun til að takast á við sprautufíkla. „Við erum ekki þjálfuð til að takast á við þetta skaðaminnkandi hlutverk,“ segir hann. Stórhættulegt ástand skapist og starfsmenn þurfi að standa í handalögum við yfiringssama aðila úr hópi sprautufíklanna. Venjulegir menn, ekki í neyslu, sem þarna gista komist ekki á klósettíð fyrir fíklunum, nema starfsmenn hafi áður barið á dyr og komið þeim út. Þetta valdi miklu álagi.

Á meðan sprautufíklar fá þarna aðstöðu til neyslu er áfengi tekið af alkóhólistum sem nýta sér gistiskýlið. Starfsmenn vilja hins vegar sjá hvorugt á staðnum.

„Okkar krafa er að farið sér eftir því sem stendur á skilti inni í húsinu, að neysla vímuefna og áfengis sé ekki leyfð í húsinu,“ segir Tómas. Hann setur sig ekki á móti skaðaminnkunarstefnunni en vill að neyslurými sé einfaldlega annars staðar – tilvist þeirra í gistiskýlinu sé fráleit.

„Ég hef ekkert á móti skaðaminnkandi aðferðum, en neyslurými er einn hlutur og gistiskýli annar.“

Mikið ofbeldi á sér stað innan gistiskýlisins þegar verst lætur og sprautufíklar eru oftast þeir sem vaða yfir aðra íbúa gistiskýlisins. Starfsmenn lenda hvað eftir annað í átökum við þá og eiga mjög erfiitt með að halda ró og friði í húsinu þegar verst lætur.

„Ég tel þá starfsemi sem þarna fer fram vera kolólöglega og stórhættulega,“ segir Baldur. „Þetta hús er í raun tílfandi tímasprengja og mér finnst bara með ólíkindum hvað viðgengst þarna.“

Ekkí náðist í Þór Gíslason, forstöðumann Gistiskýlisins við Lindargötu, við vinnslu fréttarinnar, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. ■



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnytt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía

Parki
INTERIORS



KOBBI

-Öll almenn verktakavinna fyrir hús og garða-

HELLULAGNIR

PALLASMÍÐI

JARÐVEGS FLUTNINGUR

GRÖFUR VINNA OFL.



kobbi.is



kobbief



kobbief

Sólvöllum 3 • 800 Selfossi • kobbief@gmail.com • Sími 770 2722

Sólrún Diego auglýsti netsíðu í eigu unnusta síns

■ Rétthafi segist ekki hafa veitt leyfi ■ Fylgjandi upplifði reiði

Kristinn Haukur Guðnason
Aníta Estíva Harðardóttir
 kristinn@dv.is / Anita@dv.is



Á mánudaginn síðastliðinn birti áhrifavaldurinn Sólrún Diego mynd úr barnaherbergi sonar síns þar sem hún ræddi við fylgjendur sína um plaggat sem hún hafði hengt upp á vegg. Umrædd mynd er af þvottabirni. Segir hún frá því hvar hún fékk myndina og bendir á netverslunina www.akart.is. Við nánari athugun kemur í ljós að sú netverslun er í eigu unnusta Sólrúnar. Einnig er ágreiningur uppi um hvort leyfi sé fyrir myndunum sem þar eru seldar.

Inni á þekktri netverslun, Etsy.com, þar sem hönnuðir geta selt hönnun sína er hægt að kaupa nákvæmlega sömu myndirnar. Myndirnar eru þar seldar á vegum fyrirtækis sem heitir Synplus. Þar kaupir maður skrá sem hægt er að prenta út sjálfur. Við vörunda stendur að hún sé „for personal use only“ og eru myndirnar varðar höfundarrétti. Myndirnar fást á tæpa átta dollara en í íslensku vefversluninni kaupir maður útprentaða mynd í stærðinni 30×40 sentimetrar á 4.990 krónur. Inni á síðum eins og Aliexpress er hægt að fá sams konar myndir á örfáa dollara, en það fer eftir stærð.

Sólrún prókúruhafi og vara- maður í stjórn

Þegar DV skoðaði heimasíðuna akart.is voru þar engar upplýsingar um eigendur eða söluaðila. Enga kennitölu eða heimilisfang að sjá, aðeins netfangið akart@akart.is. Í

lénaskrá hjá ISNIC er Frans Veigar Garðarsson, unnusti Sólrúnar Diego, skráður fyrir léninu.

Akart.is er skráð á félagið MSF ehf. sem er í eigu Frans Veigars Garðarssonar og skráð á heimilisfang í Mosfellsbæ þar sem Frans og Sólrún búa. Sólrún Diego er þar varamaður í stjórn og prókúruhafi. MSF ehf. er einnig eigandi í SD Media slf. þar sem Frans og Sólrún eru prókúruhafar.

Í samtali við DV segir Frans enga sérstaka ástæðu liggja að baki því að eigendur séu ekki gefnir upp á síðunni. „Ég get alveg breytt því, það er minnsta mál,“ segir hann.

Fylgjandi upplifði reiði

Í myndbandinu, sem Sólrún birti á Instagram Story, talar hún um myndina líkt og hún þekki ekkert til. Einnig að „gríðarlega margir“ hafi verið að spyrja út í myndina. Hún segir:

„Mjög margir spurðu hvaðan hún væri. En þetta er frá netverslun sem heitir akart.is.“


Og enn fremur:

„Ég fékk nokkur svona skilaboð í dag um að einhverjir gátu ekki opnað linkinn sem ég setti með myndinni en ég skal setja hann aftur ... og ég sá að þær eru á einhverju tilboði þannig að þið getið nýtt ykkur það.“

Myndirnar eru nú auglýstar á útsöluverði, 3.990 krónur.

„Ég er 100 prósent eigandi í þessu félagi,“ segir Frans um félagið MSF. „Þetta kemur henni ekkert við.“

En hún er prókúruhafi og vara- maður í stjórn?



Þvottabjörn
 Skjáskot af
 vef Synplus
 hjá Etsy.com

„Það er einungis vegna þess að hennar rekstur fór í gegnum þetta félag áður fyrr. Hann gerir það ekki lengur. Það á eftir að gera breytingu hjá Ríkisskattstjóra og hún er komin með annað félag sem heitir SD Media.“

Fylgjandi Sólrúnar sem DV ræddi við upplifði reiði gagnvart því að áhrifavaldur skyldi standa að slíkri uppákomu.

„Mér finnst að svona eigi ekki að viðgangast og sérstaklega ekki hjá manneskju sem er áhrifavaldur,“ segir viðmælandinn.

Ágreiningur um leyfi

Ágreiningur er uppi um hvort akart.is hafi leyfi fyrir myndunum.

Þegar fyrirspurn um málið var send á Synplus fengust þau svör að ekkert leyfi væri til staðar til að selja þessar myndir. Í svarinu segir:

„Já, það lítur út fyrir að það sé verið að selja myndirnar okkar án leyfis.“

Frans segist telja sig hafa haft samning við Synplus. Verslunin hafi verið í loftinu í nokkra mánuði. Við DV segir hann:

„Við megum selja þessar vörur ef við kaupum hverja einustu mynd sem fer þar í gegn. Við megum aftur á móti ekki fjölfalda. Við spurðum þá hvort við gætum fengið leyfi og þeir sögðu að við gætum keypt stakar myndir.“



HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smíðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



VIÐ SENDUM KÖRFUKNATTLEIKSFÓLKI BARÁTTUKVEDJUR Í ÚRSLITAKEPPNUM



SJÁ NÆSTU LEIKI Á KKI.is

#KORFUBOLTI

„Ég vildi bara fá að vita hvort þetta væri krabbamein eða ekki“

■ Ólöf Gunnlaugsdóttir er einstæð þriggja barna móðir ■ Greindist með krabbamein í brjósti og holhönd

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



MYND: HANNA/DV



Ólöf: „Við höfum verið leið og fúl yfir þessu, enda er þetta hundfúll ástand, en við höfum líka hlegið og fíflast með þetta.“

„Þetta eru skrítnar aðstæður“

Biðin eftir niðurstöðunum fannst mér mjög erfiður tími. Það var svo mikil óvissa og mér fannst tíminn endalaust lengi að líða. Ég vildi bara fá að vita hvort þetta væri krabbamein eða ekki,“ segir Ólöf Gunnlaugsdóttir 42 ára, einstæð móðir þriggja barna sem greindist með illkynja æxli í brjósti og holhönd fyrr á þessu ári. Ólöf sem er búsett í Reykjavík með börnunum sínum, Eydís Örnú, 13 ára, Arnari Mána, 11, og Nökkva Degi, 10, fann fyrir hnút í hægri brjósti á mánudagskvöldi þann 21. janúar. Ólöf hafði ekki miklar áhyggjur til þess að byrja með en ákvað þó að fara til heimilislæknis tveimur dögum seinna.

„Honum fannst ástæða til að skoða þetta betur og sendi beiðni á leitarstöðina. Viku seinna fór ég í röntgen, ómskoðun og tekid var finnálsýni. Læknirinn var ekki alveg viss um hvað þetta var, þar sem þetta leit ekki út eins og illkynja æxli en ekki heldur eins og vökvablaðra. Sunnudaginn 3. febrúar hringdi læknirinn svo með niðurstöðum úr sýninu og höfðu fundist slæmar frumur í því sem skoða þurftu betur. Við tók erfið bið eftir frekari rannsóknum og niðurstöðum úr þeim. Á miðvikudeginum mætti ég aftur í leitarstöðina og fór í grófnálsýnatöku og finnálsýnatöku úr holhöndinni.“

Biðin eftir niðurstöðunum var verst

Eftir þessa rannsókn tók enn og aftur við erfið bið en sex dögum

síðar, þriðjudaginn 12. febrúar, átti Ólöf tíma hjá skurdlækni á Landspítalanum. Sá fundur átti eftir að umturna lífi Ólafar.

„Hann staðfesti að hnúturinn væri 2,5 sentimetra illkynja æxli og að einnig væri æxli í holhöndinni. Þá tóku við alls konar rannsóknir og myndatökur. Lífið varð einn tilfinningarússibani, upp og niður, og fram undan beið mín stórt verkefni. Í ljós kom að ég þurfti að fara í sex lyfjameðferðir, skurðaðgerð og geisla.“

Ólöf segir biðina eftir niðurstöðunum hafa verið erfiðasta.

Hún upplifði mikla óvissu og vildi fá staðfestingu á því hvort um krabbamein væri að ræða eða ekki.

„Því að ef þetta var krabbamein þá vildi ég takast á við það sem fyrst. Þegar ég fékk svo endanlega niðurstöðu þá var ég sjálf orðin nokkuð viss um þetta, svo það kom mér lítið á óvart þegar læknirinn greindi mér frá því að þetta væri illkynja æxli. Fyrst eftir greiningu kom stundum upp sú hugsun hjá mér hvernig í veröldinni ég ætti að takast á við krabbameinsmeðferð. Einstæð með þrjú

börn sem ég er alfarið með ein, en pabbi þeirra hefur ekkert verið í þeirra lífi í mjög mörg ár.“

Ræðir um veikindin við börnin

Á sama tíma tekst Ólöf á við það að yngri sonur hennar er einhverfur og dóttir hennar á að fermast á þessu ári.

„Ég ákvað samt hins vegar strax að taka þessu á mjög jákvæðan hátt og komast í gegnum þessa baráttu með gleði og jákvæðni. Ég er líka með svo yndislegt stuðningsnet í kringum mig sem hjálpar heilan helling og ég er endalaust þakklát fyrir það. Ég á frábæra vini og yndislega fjölskyldu sem stendur eins og klettur á bak við mig. Mamma mín og systir hafa fylgt mér eins og skuggi í gegnum þetta allt saman sem er algjörlega ómetanlegt.“

Ólöf tók þá ákvörðun að greina börnunum sínum strax frá því hvað væri í gangi og vera ekki að biða með það og skapa óvissu hjá þeim.

„Ég sagði börnunum mjög snemma frá þessu eftir að ég fór í fyrstu sýnatökuna á leitarstöðinni. Ég sagði þeim að það væri verið að athuga hvort þetta væri krabbamein eða eitthvað annað. Krakkar eru svo ótrúlega næmir og þeir finna á sér þegar eitthvað er í gangi. Mér fannst betra að leyfa þeim að fylgjast með heldur en að þau væru að ímynda sér hvað væri að gerast. Auðvitað urðu þau mjög hrædd fyrst, enda er mjög óhugnanlegt að heyra að einhver sé mögulega með krabbamein. En við ræddum þetta mikið og hvað þetta gæti verið. Þegar niðurstaðan kom svo, þá voru þau búin að melta þetta aðeins og það var þá miklu minna áfall fyrir þau að heyra niðurstöðuna.“

Ólöf ákvað strax að vera mjög opin um veikindi sín við börnin og leyfa þeim að ræða þau við sig eins og þau vildu.

„Við höfum verið leið og fúl yfir þessu, enda er þetta hundfúll ástand, en við höfum líka hlegið og fíflast með þetta, sem mér

finnst mjög mikilvægt til þess að léttja andrúmsloftið. Þau eru alveg ótrúlega sterk og eru að takast á við þetta allt saman á frábæran hátt. Ég er mjög stolt af þeim fyrir hvernig þau takast á við þetta.“

Fólk tekur greiningu á ólíkan hátt

Ólöf hefur reynt eftir bestu getu að halda daglegu lífi þeirra gangandi og tekur þátt í því sem börnin eru að gera eins og heilsan leyfir.

„Ég er núna búin með tvær lyfjameðferðir af sex og er ég í frekar kröftugri meðferð. Ég fer á þriggja vikna fresti og fæ fjögur lyf í hvert skipti. Lyfin fara ágætlega í mig en ég er svona sjö til tíu daga að ná mér góðri aftur. Svo ég nær alveg góðum dögum inni á milli, sem ég reyni að nýta vel til þess að gera allt sem þarf að gera. Eftir lyfjameðferðina er skurðaðgerð fram undan og svo geislar þar á eftir. Æxlið er búin að minnka töluvert sem er mjög jákvætt og það er gott að sjá að lyfin eru að hafa áhrif.“

Ólöf tók þá ákvörðun að deila reynslu sinni af veikindunum með fólki vegna þess að þegar hún var í greiningarferlinu þá fannst henni mjög hjálplegt að geta lesið sér til um aðrar konur sem gengið höfðu í gegnum það sama.

„Það hjálpar mér líka í því að takast jákvætt á við þetta að vera opin með ferlið og það sem ég er að ganga í gegnum. Ég tók eftir því að fyrst voru margir sem voru örlítið hikandi í kringum mig og vissu ekki hvað þeir ættu að segja við mig. Hvort það ætti að minnast á þetta eða láta sem ekkert væri. Sem er alveg skiljanlegt. Þetta eru skrítnar aðstæður og fólk tekur því á ólíkan hátt að greinast með krabbamein.“ ■

Á Instagram má fylgjast með Ólöfu og baráttu hennar við krabbameinið undir notandanafninu: olofgunnlaugs.

J&S Watch co.
REYKJAVÍK

KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR
FYRIR HANN OG HANA

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



PÁSKATILBOÐ

NJÓTTU PÁSKANNA Í BETRI UPPLAUSN



40.000
AFSLÁTTUR

35.000
AFSLÁTTUR

FULLKOMINN LITUR Á FULLKOMNUM SVÖRTUM

LG OLED B8 SJÓNVÖRP MED ACTIVE HDR MYNDTÆKNI, ÖFLUGU DOLBY ATMOS HLJÓÐKERFI OG MAGIC REMOTE FJARSTÝRINGU

LG-OLED55B8 55" ~~234.990 KR.~~ **TILBOÐ 199.990 KR.** | LG-OLED65B8 65" ~~389.990 KR.~~ **TILBOÐ 349.990 KR.**




Panasonic

GLÆSILEGT SNJALLSJÓNVARP

4K UHD SJÓNVARP MED MULTI HDR TÆKNI OG QUAD CORE PRO ÖRGJÖRVA.

PAN-TX65FX600E 55" ~~219.990 KR.~~ **TILBOÐ 169.990 KR.**



UNITED

EINFÖLD OG NOTENDAÆN 4K LED SJÓNVÖRP

UNI-LED55X18 55" ~~69.998 KR.~~ **TILBOÐ 49.990 KR.** | UNI-LED65X18 65" ~~99.998 KR.~~ **TILBOÐ 79.990 KR.** | UNI-LED75X18 75" ~~199.998 KR.~~ **TILBOÐ 149.990 KR.**

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 - 18 · Laugardaga 11 - 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

**FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS**

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. **Stjórnarformaður:** Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson **Ritstjóri:** Einar Þór Sigurðsson
Fréttastjóri: Kristinn Haukur Guðnason **Prentun:** Landsprent **Dreifing:** Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Adalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjóri: 512 7010



LOF & LAST

– Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir

Lofið þessa vikuna fær hann „stjörnu“ Sævar Helgi Bragason sem leitt hefur áhorfendur þáttarins Hvað höfum við gert? í allan sannleikann um loftslagsbreytingar. Þættirnir sem framleiddir eru af Saga Film fyrir RÚV hafa útskýrt á mannamáli hvaða áhrif loftslagsbreytinganna hafa haft á lífríki og samfélög og afleiðingar þeirra. Sævar segir ungt fólk ekki nægilega meðvitað um loftslagsmál og að ef ekki takist að stöðva þá neysluhyggju sem á sér stað þá sé framtíðin ekki björt. Í þáttunum er einnig rætt hvaða lausnir eru til staðar og hvað hver og einn geti gert. DV er fylgjandi umhverfisyggju og við erum ánægð með framtak Sævars.



Í vikunni barst DV ábending um myndband sem gekk eins og eldur í sinu um samfélagsmiðla. Í myndbandinu, sem tekið er við Borgarholtsskóla í Grafarvogi, má sjá karlmann gefa annarri manneskju kjaftshögg og er talið að sú sem varð fyrir högginu sé kona. Við höggjó féll manneskjan í jörðina og hefur myndbandið vakið mikinn óhug lesenda. DV er á móti ofbeldi í allri sinni mynd og því fær karlmaðurinn á myndbandinu, ásamt öllum öðrum sem telja ofbeldi í lagi, lastið.



Við Laugavegin Hver veit nema konurnar hafi fundið eitthvað við sitt hæfi, og ókeypis í þokkabót.

Hver er þín saga?

Leiðari

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is

Allar sögur skipta máli. Þín saga er öðruvísi en mín saga og saga foreldra okkar, systkina og vina eru allar mismunandi. Þær móta okkur sem einstaklinga og gera að verkum að við högum okkur eins og við gerum. Hvert og eitt okkar fæðist sem óskrifuð ritgerð sem þó hefur nokkrar fyrirfram ákveðnar heimildir. Heimildirnar sem þegar eru til staðar allt frá getnaði eru gen okkar og þeir meðfæddu eiginleikar sem erfast. Ritgerðin skrifar sig svo sjálf, allar götur frá degi eitt.

Sumir fæðast beint inn í mikil forréttindi, eiga efnaða foreldra, ganga í góðan skóla og geta prófað allar þær tómstundir sem þeim hugnast. Aðrir fæðast kannski inn í mikla fátækt, ganga í notuðum fötum og fá aldrei að prófa tómstundir. Allt þetta getur haft áhrif á okkur sem einstaklinga en ekkert er þó gefið. Það er aldrei hægt að sjá



fyrir hvað framtíðin ber í skauti sér. Það geta allir lent í klóm fíkniefnadjöfulsins, orðið fyrir einelti, misnotkun, slysi, læst í klóm ofbeldissambands og misst barn, ásamt mörgum öðrum áföllum sem líta líf okkar. Þá er einnig hægt að vinna fyrsta vinning í happdrætti, sigrast á erfiðum veikindum og landa draumastarfinu.

Allar þessar breytur hafa áhrif

á okkur, við bregðumst mismunandi við því sem kemur fyrir okkur og persónuleiki okkar með því. Við söfnum í bakpokann og höldum áfram. Allar sögur skipta máli. Oft hafa bládamenn fundið fyrir neikvæðri gagnrýni gagnvart starfi sínu. Við erum sögð afbaka sannleikann, gera úlfalda úr mýflugu, skrifa fréttir sem engu máli skipta og skipta okkur af því sem eng-

Við erum ekki að reyna að eyðileggja fyrir fólk

um kemur við. En við erum ekki að sinna starfi okkar til þess að ná okkur niðri á þér. Við erum ekki að reyna að eyðileggja fyrir fólk. Látu það líta illa út okkur í hag. Við erum ekki að ljúga og svindla en svo sannarlega kemur fyrir að við segjum frá slíkum hlutum. Við erum að segja sögur. Við erum einstaklingar með okkar eigin sögur sem stöndum vaktina fyrir fólklið sem vill segja sínar sögur. Deila sinni reynslu. Sumar sögur eru sagðar til þess að upplýsa almenning um hagsmuni þeirra. Sumar sögur eru sagðar einungis til dægrastyttingar og aðrar sögur eru sagðar til hvatningar. Af því að allar sögur skipta máli. Þín saga og mín saga. ■

Spurning vikunnar

Geta tölvuleikir verið íþróttir?



Páskafjör

12. apríl 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarisdóttir / johanna@dv.is



NARFEYRARSTOFA: Framúrskarandi matur í fallegu umhverfi

Markmið okkar er að vera lókal í öllu sem við gerum. Allur fiskur kemur úr firðinum og allt lambakjöt sem við notum kemur frá bænum Helgafelli, við tökum 200 skrokka frá þeim í heimtöku, vinnum allt kjöt frá grunni og nýtum allt af lambinu. Nautakjötið kaupum við frá ýmsum nálægum stöðum, við látum sláttra fyrir okkur, tökum heim, úrbeinum og gerum úr því hamburgara," segir Sæþór H. Þorbergsson, bryti á Narfeyrarstofu í Stykkishólmi. Sæþór og eiginkona hans, Steinunn Helgadóttir, eru eigendur staðarins.

Narfeyrarstofa er rótgróinn staður þar sem sífelld þróun og nýsköpun á sér stað í matargerð. „Við höfum átt þetta síðan 2001 og erum enn á sömu kennitölunni, geri aðrir betur," segir Sæþór. Aukinn ferðamannastraumur til landsins síðustu ár hefur haft sín áhrif á gestasamsetninguna: „Hér eru erlendir túristar í miklum meirihluta en við erum líka með töluvert af innlendum fastakúnum og það er ekki bara fólk sem býr hér í nágrenninu heldur líka aðkomufólk."

Narfeyrarstofa hefur blómstrað hin síðari ár og er opið á staðnum allan

ársins hring. „Síðasta vetur var opið alla daga vikunnar, ég hef aldrei séð annað eins. Það er líka mikið gistiþláss hér í Stykkishólmi, samtals 900 rúm í gistirými á gistihúsum, hótelum og í Airbnb-gistingu."

Lengdur opnunartími um páskana

Um páskana verður opnunartíminn lengdur. „Við ætlum þá að vera með rauðvín mánaðarins á tilboði, Tommasi Arele á 6.900 krónur og svo kokteil á 1.500 krónur alla daga. Einnig erum við að plana nokkra viðburði svo það er um að gera að fylgjast með okkur á Facebook: Narfeyrarstofa þar sem við auglýsum viðburði og lengdan opnunartíma," segir Sæþór.

Að sögn Sæþórs sækja erlendir ferðamenn mikið í sjávarfangið enda mikið úrval af spriklandi ferskum fiski í boði og afar ljúffengum og hugvitsamlegum sjávarréttum. „Hér er alltaf fiskur dagsins í boði, í dag er það hlýri og á morgun verður það langa. Síðan er það það þorskur, bláskel, hörpuskel og margt fleira."

Lambakjötið er líka vinsælt og mjög fjölbreyttir réttir í boði af fersku lambakjöti sem er fullnið á staðnum: „Við erum

alltaf með steik dagsins sem er breytileg eftir atvikum, það getur verið hryggur, læri, innanlæri, skanki eða lund; síðan er alltaf gúllassúpa í boði og sérstakar lambapylsur, sem við framleiðum, eru á hádegismatseðlinum."

Ódýr og hollur matur fyrir börnin

Narfeyrarstofa er fjölskylduvænn veitingastaður sem gerir hann að áhugaverðum kosti fyrir fjölskyldur á faraldsfæti. „Við erum með sérstakan barnamatseðil með þremur réttum þar sem enginn réttur kostar meira en 1.250 krónur og ódýrasti rétturinn er á 850 krónur. Þetta er allt ferskur og góður matur, fiskréttur, kjötbollur sem við vinnum hér sjálf og hamburgari. Engir kjúklinganaggar eða eitthvert drasl. Við bjóðum börnum upp á ferskan og hollan mat á vægu verði."

Þess má geta að í júní í fyrra útskrifaði Narfeyrarstofa sinn fyrsta matreiðslunema, Þorberg Helga Sæþórssón, sem er sonur þeirra hjóna.

Narfeyrarstofa er til húsa að Aðalgötu 3, Stykkishólmi. Símanúmer er 533-1119. Nánari upplýsingar á vefsíðunni narfeyrarstofa.is. ■





SUNDLAUG PATREKSFJARÐAR:

Stórkostlegt útsýni yfir fjörðinn og bæinn

Sundlaug Patreksfjarðar er líklega ein best staðsetta sundlaug á landinu og þó víðar væri leitað, en hún er byggð í hlíðina rétt við bæjarstæði Patreksfjarðar. Útsýnið frá lauginni og yfir fjörðinn er hreint út sagt stórkostlegt og sömuleiðis yfir bæinn. „Laugin er girt með gleri svo manni líður næstum eins og laugin sé samtvinnuð hafinu fyrir neðan. Þú horfir bara beint út á fjörðinn,“ segir Geir Gestsson.

Líf í firðinum

„Það er ekki óalgengt að sjá hvali synda hérna inn fjörðinn rétt í um 100–200 metra fjarlægð. Um daginn voru fjórir háhyrningar að leika sér í höfninni. Þetta vekur alltaf kátinu meðal gesta okkar, sérstaklega á meðal ferðamannanna.“

Það er alveg geggjað að mæta til vinnu eldsnemma á morgnana að sumarlagi; sólin er að skriða upp fyrir fjallstoppa og lýsir upp fjörðinn gullfallegrri bleikri birtu. Þetta er útsýnið sem blasir við þar sem þú marar við laugarbrúnina og horfir yfir fjörðinn. Það er líka eiginlega alveg ómögulegt fyrir starfsfólkið að vera í vondu skapi hérna með svona fyrir augum daglega.“

Notaleg útisundlaug

Þar sem laugin á Patreksfirði er hugsuð sem skólasundlaug þá er hitastigið á henni örlítið hærra en í flestum öðrum laugum. „Við erum með hana aðeins hlýrri fyrir krakkana, en það gerir það líka að verkum að það er hægt að vera í lauginni þó svo maður sé ekki á hörkusundi.“

Afslappað í sveitinni

Sundlaug Patreksfjarðar státar einnig af eimbaði, tveimur stórum setupottum sem og vaðlaug. „Á góðviðrisdögum draga sumir sólbekkina út í vaðlaugina til að veiða nokkrar freknur á kroppinn. Andinn í sveitinni er svo afslappaður að fólk kemst upp með ýmislegt.“

Það er augljóst að það er alveg gráupplagt að skella sér í sund yfir páskana. „Við tókum vel á móti öllum hér á Patreksfirði og ég



mæli með að fólk leggi smá lykku á leið sína á leiðinni á Aldrei fór ég suður til þess að upplifa þessa stórkostlegu sundlaug,“ segir Geir.

Komdu í sund!

Aðalstræti 55, 450

Patreksfjörður.

Sími: 450-2350 / 456-1301

Netpóstur: brattahlid@

vesturbyggd.is

Opnunartími: Mán–fim:

08.00–09.00/16.00–21.00,

fös: 08.00–09.00/16.00–19.30

og lau og sun: 11.00–15.00. ■



SKÍÐASVÆÐI ÍSAFJARÐARBÆJAR:

Skíðað í dölunum tveim um páskana

Ísafjörður hefur heillað marga með einstakri náttúruferð og skemmtilegu andrúmslofti. Þar er að finna fyrsta flokks skíðasvæði í fallegum dölum á milli hárra og brattrra fjalla. „Skíðasvæðið okkar er í raun tvö skíðasvæði, Tungudalur og svo Seljalandsdalur,“ segir Hlynur Kristinsson, forstöðumaður skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar. Á svæðinu er hægt að leigja allan búnað til skíðaiðkunar svo sem skíði, bretti og gönguskiði fyrir jafnt fullorðna sem börn.

Lyfturnar, svigskíðin og brettin

„Annars vegar er það skíðasvæðið í Tungudal, sem er Alpahlutinn af svæðinu. Þar er stór skíðaskáli með veitingum og skíðaleigu. Svo eru þrjár skíðalyftur sem flytja skíða- og snjóbrettaiðkendur upp í brekkurnar. Við erum með tíu brekkur sem henta iðkendum af öllum getustigum, allt frá byrjendum upp í þá sem vilja komast í alvöru keppnisbrautir,“ segir Hlynur.

Gönguskiði

Hins vegar er það skíðagöngusvæðið í Seljalandsdal. Þar er að finna eitt flottasta



skíðagöngusvæði landsins og lengstu göngubrautir á Íslandi. Stærsti skíðagönguviðburður landsins, Fossavatnsgangan, er þar haldinn ár hvert. Í ár verður gangan haldin 2.–5. maí.

„Brautin er 50 kílómetra löng, langlengsta gönguskiðabraut á landinu, og við erum að vinna í að troða hana núna. Þá erum við með fjölda annarra brauta, allt frá einum kílómetra og upp í 50, en alla daga er troðið að lágmarki 5 kílómetra og lengra á helgum eða 10–15 kílómetrar.“

Gönguskiðasportið verður sífellt vinsælla enda er það afar skemmtileg íþrótt. „Við bjóðum upp á stórskemmtilegar æfingabúðir fyrir gönguskiðafólk og við höfum tekið á móti um 60 manna hópum, átta helgar í röð. Í vetur erum við þá búin að taka á móti um 500 gestum í gönguskiðæfingabúðir.“ Á svæðinu er lítill skáli með sjoppu þar sem hægt er að kaupa veitingar.

Skíðavika á páskum

Skíðavika á páskum er viðburður sem haldinn hefur verinn á Ísafirði í 84 ár. „Þó svo það megi næstum bóka að hér viðri alltaf vel fyrir skíði á páskum, þá gerðist það nokkur ár í röð að páskarnir voru heldur snjólitlir. Það var þá sem hin landsfræga tónlistarhátíð Aldrei fór ég suður var haldin fyrst og hefur verið haldin síðan. Á hvert leggur fjöldi fólks leið sína á Ísafjörð um páskana til þess að viðra skíðin sín niður brakandi brekkur og alla leið niður í Ísafjarðarbæ þar sem landsþekktir tónlistarmenn slíta úr hljóðfærum sínum við fögnuð áhorfenda.“

Nánari upplýsingar má nálgast á dalirnir.is
Sími: 450-8400
Vefpóstur: ski@isafjordur.is
Facebook: Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar
Instagram: Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar ■



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS:

Gönggur í þágu umhverfisins

Í tilefni af degi umhverfisins 25. apríl ætlar Ferðafélag Íslands að blása til umhverfisviku dagana 25. apríl–2. maí. Markmið umhverfisviku er að vekja fólk til umhugsunar um umhverfismál, stuðla að bættri umgengni við náttúru Íslands og hvetja félagi til að tileinka sér vistvæna lífnaðarhætti. „Við ætlum til að mynda að láta til okkar taka á Stóra plockkdegnum 28. apríl, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og í deildunum okkar um allt land,“ segir Heiðrún Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá FÍ. Að auki verður fjöldinn allur af skemmtilegum viðburðum í boði í umhverfisvikunni sem má sjá á dagskránni hér.

„Fritt verður í alla viðburði umhverfisviku, bæði fyrir félagi og aðra áhugasama. Við ætlum þá að ganga umhverfis Helgafell og Úlfarsfell en einnig kringum Elliðaavatn og umhverfis Elliðaárdal. Í hverri göngu verða sérfræðingar með í för sem fræða þátttakendur um ýmsa þætti umhverfismála en hver ganga hefur ákveðið þema. Þetta er táknrænn gjörningur sem vísar í umhverfið en minnir okkur jafnframt á mikilvægi þess að skoða hlutina frá sem flestum hliðum, og einblína ekki bara á toppinn. Vonin er að allir fari heim með aukna vitund um eigin umhverfisspor, rjóða vanga og bros á vör.“

Páskaferð á Snæfellsjökul

FÍ verður með skemmtilega og krefjandi göngu um páskana. Ætlunin er að ganga á Snæfellsjökul og farið verður upp á tvo af hundrað hæstu tindum landsins. Áætlað er að farið verði 18. apríl, en ef veður aftrar för eru föstudagurinn langi og laugardagurinn til vara.

Nýtt!

Ferðafélag Íslands er með nýtt verkefni sem nefnist Útídeildin. Deildin er ætluð þeim sem eru í meðalgóðu gönguformi, vilja hittast reglulega og stunda skemmtilega og fjölbreytta útivist á besta tíma ársins, apríl–október.

Ert þú morgunhafi?

Fjallganga í upphafi dags. FÍ býður upp á stórskemmtilegar gönguferðir í morgunsárið 6.–10. maí. Göngurnar eru fríar og byrja klukkan sex á morgnana. Sjá nánar um morgungönguviku á fi.is.

Ekki fara í hundana!

FÍ er með skemmtilegar 1½–2 klukkustunda gönguferðir fyrir hundaeigendur. Göngurnar byrja klukkan 18.00 og eru þátttakendur beðnir um að mæta vel búnir með hundana í ól. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

Allar upplýsingar um gönguferðir, námskeið og verkefni fást á heimasíðu Ferðafélags Íslands fi.is

UMHVERFISVIKA FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS 2019

DAGSKRÁ

25. apríl: Setning umhverfisviku Ganga umhverfis Elliðaárdal og súpa í boði Vakandi	29. apríl: Ganga umhverfis Helgafell í Hafnarfirði Grænn lífstill
26. apríl: Umhverfis pub-quiz í samvinnu við FÍ Ung: Hvað veist þú um umhverfismál?	30. apríl: Ganga umhverfis Úlfarsfell Drögum úr plastnotkun
27. apríl: Gönguskórnir ganga aftur Skiptimarkaður og fataviðgerðir í Mörkinni 6	1. maí: Ganga umhverfis Elliðaavatn Minnkum kolefnisfótsporið
28. apríl: Stóri plockkdagurinn 2019 Ferðafélag Íslands tekur þátt um land allt	2. maí: Undir, yfir og allt um kring Fyrirlestrakvöld í Mörkinni 6

Þátttaka í umhverfisviku er ókeypis og allir velkomnir

Ferðafélag Íslands
www.fi.is

Félagið er staðsett að Mörkinni 6,
108 Reykjavík.
Opnunartími er frá 10–17 alla virka
daga.

Sími: 568-2533
Tölvupóstfang: fi@fi.is
Fylgstu með á Facebook:
Ferðafélag Íslands og Instagram:

Ferðafélag Íslands ■

BOLUNGARVÍK:

Verið velkomin í Musteri vatns og velliðunar

Sundlaugin á Bolungarvík, Musteri vatns og velliðunar, er notaleg innisundlaug. Á útisvæðinu má finna tvo heita potta, annar er 39°C heitur nuddpottur og hinn er 41°C. Einnig er vatnsrennibraut sem býður upp á fyrirtaks salíbunur, kaldur pottur fyrir hörkupésana og rúmgóð vaðlaug með bunusvepp. Í tengslum við sundlaugina er afar notaleg baðstofa með eimbaði og góðri hvíldaraðstöðu. Útsýnið er ekki amalegt.

Svo miklu meira en bara sundlaug í Musteri vatns og velliðunar er alltaf nóg um að vera. Yfir páskana verður í boði fjöldinn allur af skemmtilegum viðburðum, bæði við laugarbakkann og í íþróttahúsinu.

„Núna stendur yfir stórskemmtileg handverks-, ljósmynda- og málverkasýning frá Bolvíkingum og mun hún standa yfir alla páskana og lengur,“ segir Magnús Már Jakobsson hjá Musterinu.

„Einnig verðum við með leiki í boði í íþróttahúsinu fyrir börn og foreldra á opnunartíma sundlaugarinnar, allt frá skirdegi (fimmtudegi) til annars í páskum (mánudags). Þetta verður alveg stórskemmtilegt og kostar 700 krónur fyrir fjölskylduna hvern dag.“

Aldrei fór ég norður

„Einnig verða fleiri skemmtilegir viðburðir í gangi og á föstudaginn langa verða tónleikar á sundlaugarbakkannum frá kl. 16–18. Heimafólk skemmtir þá þeim sem fóru suður á Ísafjörð en snúa svo aftur í víkina,“ segir Magnús.

Opið er frá 10–18 alla páskana. Það eru allir velkomnir í Sundlaug Bolungarvíkur um páskahelgina! Notalegir legubekkir fyrir hvíld og flottir sturtuklefar. Höfðastígur 1, 415 Bolungarvík Sími: 456-7381 Netpóstur: sundlaug@bolungarvik.is



DAGSKRÁ YFIR PÁSKANA

Skírdagur	Leikir í íþróttahúsinu 10–18	Listasýning	
Föstudagurinn langi	Leikir í íþróttahúsinu 10–18	Listasýning	Tónleikar á sundlaugarbakkannum 16–18
Laugardagur	Leikir í íþróttahúsinu 10–18	Listasýning	
Páskadagur	Leikir í íþróttahúsinu 10–18	Listasýning	
Annar í páskum	Leikir í íþróttahúsinu 10–18	Listasýning	

Mynd: Jón Steinar Ragnarsson.



Mynd: Hrólfur.

Stórskemmtileg og fjölbreytt páskadagskrá í Fjallabyggð

Fjallabyggð íðar að lífi, fólki, tónlist og menningu alla páskana. Það verður nóg að gera fyrir heimamenn og alla þá sem ætla að skella sér í frí norður. Hér er ævinlega tekið vel á móti öllum enda eru menn hér almennt gestrisnir fram úr hófi," segir Linda Lea Bogadóttir, markaðs- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar.

Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar árið 2006. Fjallabyggð býr að stórbrotinni náttúrufegurð í „faðmi fjalla blárra“, eins og skáldið sagði, þar sem möguleikar á sviði útivistar og tómstunda eru hreint óþrjótandi. Náttúran er ávallt innan seilingar, hvort heldur haldið er í gönguferðir, farið á skiði, veitt í vötnum, ám eða sjó. Einnig er þar fjölbreytt menningarlíf og upplifgandi andrúmsloft og þar búa um 2.100 manns.

Páskadagskráin hefst strax föstudaginn 12. apríl með Sigló Freeride-keppninni í Skarðinu á Siglufirði, leiksýningu og tónleikum KK & föruneytis á Kaffi Rauðku. Dagana 12. og 13. apríl verða 100 ár liðin frá mannskæðustu snjóflóðum í Hvanneyrarhreppi og verður atburðanna minnst með göngu á vegum Sildarminjasafnsins að Evanger verksmiðjunni og einnig verður helgistund í Siglufjarðarkirkju og í Héðinsfirði. Veitingastaðir, gallerí og söfn á Siglufirði og Ólafsfirði bjóða líka upp á góða dagskrá alla páskana.

Skíðaðu út alla páskana

Í Fjallabyggð og nágrenni er nægur snjór í fjöllumum og alls staðar hægt að finna tækifæri og aðstöðu til útiveru. Á veturna er staðurinn skíðaparadis og draumur útivistarmannsins. Fjöllin í kringum Fjallabyggð tilheyra hinum tilkomumikla Tröllaskaga sem er án alls efa besta fjallaskíðasvæði landsins, með sín háu fjöll og mikla snjó.

Bæði skíðasvæðin verða opin alla daga með endalaust páskafjör í brekkunum fyrir alla fjölskylduna. Í Skarðinu á Siglufirði verður leikjabraut, ævintýraleið, bobb-braut, hólabrautir, pallar, páskaeggjamót, lifandi tónlist og grill svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður lögð þriggja kílómetra

göngubraut á Hólssvæði. Það sama má segja um skíðasvæðið Tindaöxl, en þar verður opið alla páskana. Bárubrautin verður troðin og mikil tónlist og stemning verður í fjallinu. Upplýsingar um skíðasvæðin má finna á vefsíðum þeirra, skardsdalur.is og skiol.fjallabyggd.is.

Menning og listir

Fyrir þá sem fýsir í menningu og listir verður úr nægu að velja, en þar má helst nefna að Alþýðuhúsið á Siglufirði verður með tónleika og listasýningu í Kompunni. Vinnustofa Abbýar verður sömuleiðis opin. Listasýning verður í Listhús Gallerí á Ólafsfirði. Í Ljóðasetrinu á Siglufirði verður ljósmyndasölusýning Ljósmyndaklúbbs Fjallabyggðar, lestur Passíusálma og margt fleira.

Leikfélag Fjallabyggðar er þessa dagana að sýna í Tjarnarborg í Ólafsfirði gamanleikritið Bót og betrun og verður m.a. sýning á skírdag. Segull67 Brugghús verður með kynningu og smökkun. Apres Ski verður á Sigló hótél alla dagana og á Kaffi Rauðku verða Stebbi og Eyfi með tónleika á laugardeginum fyrir páska. Nú og svo verður boðið upp á lifandi tónlist á Torginu og að sjálfsögðu allir veitingastaðir opnir. Ekki má svo gleyma helgistundum í kirkjunum, bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði.

Það er því af nógu að taka í Fjallabyggð á páskahelginni og er um að gera að skella sér í heimsókn. Í Ólafsfirði og á Siglufirði er fjöldi góðra gístmöguleika þar sem hægt er að gera vel við sig og eiga saman notalegar stundir í fallegu umhverfi. „Hér eru líka ótal veitingahús þar sem bragða má ljúfmeti af sjó og landi,“ segir Linda. Það er um að gera að skella sér í Páskaferðalag til Fjallabyggðar og upplifa þar afslappað andrúmsloft, ósnortna náttúrufegurð og skapa sér þar saman ógleymanlegar minningar.

Öll páskadagskráin sem og nánari upplýsingar um gístaði, útivistarfyrirtæki, söfn og fleira má nálgast á og í gegnum vefsíðu Fjallabyggðar; fjallabyggd.is, visittrollaskagi.is og á Facebook: Fjallabyggð. ■

Mynd: Guðný Ágústsdóttir.



Sildarminjasafnið á Siglufirði.



Mynd: Hrólfur.



JEPPASMIÐJAN LJÓNSSTÖÐUM:

Þjónusta og varahlutir í miklu úrvali



Bræðurnir Ólafur og Tyrfingur Leóssynir stofnuðu Jeppasmiðjuna árið 1990. Upphaflega snerist starfsemin um hvort tveggja varahluti og viðgerðir. Viðgerðir á sjálfskiptingum og almennar jeppaviðgerðir voru þá helstu sérsvið Jeppasmiðjunnar. „Einnig hefur fyrirtækið komið mikið að bilabreytingum í gegnum árin og þessir breyttu bílar hjá ferðaþjónustufyrirtækjunum eru til dæmis flestir með einhverja hluti sem við höfum smíðað,“ segir Tyrfingur.

Sérhæfa sig nú í varahlutum

Í fyrra, þegar Ólafur féll frá, var starfsemi fyrirtækisins skipt upp þannig að varahlutainnflutningur og varahlutasala er nú undir merkjum Jeppasmiðjunnar. Tyrfingur og Unnur, ekkja Ólafs, reka fyrirtækið saman. „Verkstæðið Ljónsstæðir er hins vegar í eigu fimm af okkar fyrrverandi starfsmönnum og er rekið af þeim. Við erum í miklu og góðu samstarfi við þá en viðgerðarþjónustan er staðsett í sama húsnæði. Við sjáum um varahlutina og þeir um viðgerðir og breytingar.“

Bræðurnir Ólafur og Tyrfingur Leóssynir.

Alltaf nóg af varahlutum á lager

Í varahlutainnflutningnum er mikil áhersla lögð á varahluti í bíla sem eru á Bandaríkjamarkaði. „Þar má nefna Ford, Dodge, Chevrolet, Jeep og svo bandarískar gerðir af Toyota, Mazda, Hyundai, Kia, Subaru o.fl.“ segir Tyrfingur.

Ávallt er mikið til af varahlutum á lager en Jeppasmiðjan pantar aðra varahluti sem vantar hverju sinni jafnóðum og fær tvær sendingar í viku frá Bandaríkjunum. Einnig er

Jeppasmiðjan með oliur, frostlög, rúðuvökva og rafgeyma í margar gerðir bíla.

Heimilisfang fyrirtækisins er Ljónsstæðir, sem eru rétt fyrir utan Selfoss, en í vissum skilningi þjónar fyrirtækið öllu landinu. „Við seljum varahluti til verkstæða og almennings um allt land og héðan fara daglega margir pakkar með póstinum og flutningabilum hvert á land sem er. Auk þess fara sendibílar með vörur frá okkur þrjár ferðir á dag til Reykjavíkur,“ segir Tyrfingur.

Jeppasmiðjan er til húsa að Ljónsstöðum, skammt fyrir utan Selfoss.

Símanúmer er 480-0120 en nánari upplýsingar eru á vefsíðunni jepp.is.

Facebook: Jeppasmiðjan ehf ■




Vörur

Eigum á lager úrval varahluta frá eftirfarandi fyrirtækjum og pöntum aðrar sérvörur eftir þörfum. Við sérhæfum okkur í Amerískum bílum

FORD, GM, DODGE, NISSAN, TOYOTA, VOLVO, MERCEDES BENZ, JAGUAR



Lenovo Yoga fartölvurnar slá í gegn



Lenovo Yoga fartölvurnar eru vinsælustu fartölvurnar sem við seljum hér í verslun Origo í Borgartúni. Þessar vélar hafa reynst afar vel fyrir kröfuhörðustu notendur enda eru þær mjög góðar í alla staði," segir Daniel Þór Valsson, starfandi verslunarstjóri hjá Origo.

„Lenovo Yoga fartölvurnar eru þunnar og léttar en að sama skapi mjög öflugar. Þær eru með mjög góðum snertiskjá sem hægt er að snúa alveg aftur sem gerir hann sérlega sveigjanlegan. Tölvan er því „Yoga liðug“ og þaðan kemur raunar nafnið á henni. Hægt er að opna Yoga tölvuna 360° og nota hana í þeirri stellingu sem hentar verkefninu hverju sinni. Þegar Yoga er sveigð í Yoga-stellingu þá gerast undur og stórmerki en hún dregur inn lyklaborðið svo að það verður slétt. Það gerir notkun í spjaldtölvuham þægilegri og vélinn betri viðkomu. Yoga er því einstök vél sem sýnir vel hvert þróun fartölva stefnir og færir notendur inn í framtíðina á skemmtilegan hátt.“

Tæknivæddur snertiskjá og penni

Daniel segir að Lenovo Yoga séu mjög öflugar vélar og með öllum þeim vélbúnaði sem fólk þarf í dag, hvort sem er í skóla, vinnu eða til heimilis- og afþreyingarnota. „Þar spilar inn í hversu meðfærilegar þær eru og skjárinn sveigjanlegur. Nýjustu Yoga tölvurnar eru komnar með nýjan og afar tæknivæddan snertiskjá. Þeim fylgir afar fullkominn penni sem hægt er að nota til að skrifa á skjáinn.“

Lenovo fartölvurnar hafa verið að standa sig mjög vel og gæðin eru mikil. Lenovo er stærsti PC fartölvuframleiðandi í heimi og það segir meira en mörg orð hversu

vörur framleiðandans eru góðar og vinsælar um heim allan. „Origo er í fremstu röð þegar kemur að þjónustu sem er gríðarlega mikilvægt. Við erum með mjög öflugt þjónustuverkstæði þar sem tekið er hratt og örugglega á hlutunum ef eitthvað kemur upp á,“ segir Davíel.

Legion tekur tölvuleikinn á næsta stig

„Legion leikjavélar hafa einnig verið mjög vinsælar hjá okkur í verslun Origo. Það kemur ekki á óvart enda eru þetta frábærar leikjatölvur. Legion vélar taka tölvuleikinn á næsta stig enda eru þær með mikið af ljósum sem býður upp á mikla stemningu, flottar mýs, lyklaborð o.fl. Við erum með þrjár mjög öflugar Legion leikjavélar hér í versluninni þar sem fólk getur komið og prófað að spila t.d. Fortnite og Apex. Það geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi í Legion leikjatölvunum,“ segir Daniel.

Þjófnað upp á upplifun

„Við leggjum mikla áherslu á að upplifunin í verslun Origo sé fyrsta flokks. Við viljum að fólk geti komið inn í verslunina og prófað og upplifað tölvu- og leikjaheiminn við bestu aðstæður. Það er skemmtilegt að geta boðið upp á svona upplifun og við finnum það á viðskiptavinum að þeir eru ánægðir með þetta. Við ætlum að einblína á þetta í framtíðinni og bjóða upp á upplifun, því það er ekki nóg að vera bara með vörurnar í hillunum þótt þær séu góðar. Fólk gerir meiri kröfur í dag og við viljum bregðast við því. Við erum afar stolt af að bjóða upp á úrval af bestu merkjunum í tækjum og má þar nefna Bose, Sony, Canon og Platronic,“ segir Daniel enn fremur. ■



MYND: HANNA/DV

„Músíkin er eins og mannkynssaga“

■ *Andrea amma rokk orðin sjötug*
 ■ *Eldri en rokkið sjálf*



Töffari
 Andrea hefur verið einstakur töffari í marga áratugi.

Ragna Gestsdóttir
 ragna@dv.is



Andrea Jónsdóttir fagnaði sjötugsafmæli 7. apríl og hélt upp á áfangann á sínu öðru heimili, skemmtistaðnum Dillon, þar sem troðfullt var út úr dyrum tvö kvöld í röð af vinum og ættingjum. Andrea er öllum kunn sem fylgjast með tónlist, en sjálf hefur hún hræst í bransanum í næstum 50 ár, sem plötusnúður og útvarpsmaður.

Blaðamaður settist niður með Andreu yfir öli á skemmtistaðnum Dillon og ræddi lífið og tilveruna, bernskuárin á Selfossi, Bítlanu og bransann, plan B og barnabörnin.

„Ég er fædd og uppalin á Selfossi, það var rosalega fínt og ég átti frábæra foreldra, systkini, afa og ömmu,“ segir Andrea, sem er fædd í húsinu Núpi, sem í dag hýsir Kaffi Krús. Hún var 1-2 mínútur að hlaupa yfir í skólann og því upplagt þar sem stutt var að fara að bjóða vinunum heim í morgunkaffi, enda var aldrei amast við að krakkar kæmu inn á heimilið að leika sér að hennar sögn. „Það voru alltaf allir velkomnir og alltaf til nóg af mat, við hefðum lifað af kjarnorkustyrjöld með kakkalökkunum.“

Foreldrar Andreu eru báðir láttnir, faðir hennar lést árið 1999, árið sem hann hefði orðið áttæður, og móðir hennar fimm árum

seinna, árið sem hún hefði orðið 85 ára. „Þau hefðu bæði orðið 100 ára í ár og við ætlum að halda upp á það í sumar á Kaffi Krús.“

Faðir Andreu var lengst af mjólkurbílstjóri hjá Mjólkurbúi Flóamanna og móðir hennar var húsmóðir, sem vann alltaf líka á sumrin í kaupfélaginu á Selfossi. „65 ára gömul vann hún í pöntunardeildinni þegar tölvurnar komu og þá lærði hún fyrst á tölvu. Mamma er eina manneskjan sem ég veit um sem hefur farið til yfirmanns síns og sagst ekki nenna að vinna allan daginn, þar sem hún gæti klárað vinnuna á hálfum degi. Hún vildi frekar fá hálf kaup fyrir hálfan dag, en hanga í vinnunni allan daginn,“ segir Andrea. „Mamma væri kölluð pínulítið ofvirk í dag. Hún saumaði á okkur föt og vakti yfir því. Hún er myndarlegasta húsmóðir sem ég hef kynnst á ævinni og nágrannakona okkar sagði: „Það er svo fínt hjá henni Sveinu að það er hægt að éta af gólfinu.“ Mamma var rosalega dugleg og því miður erfði ég ekki mikið af því. Ég er meira í pabbaætt, fólk sem vill frekar liggja heima og lesa, það má samt ekki misskilja mig þannig að pabbi hafi verið latur.“

Timburflokkun fyrsta launaða starfið

Þrátt fyrir að hafa ekki erftr ▶



Nett fjölnotatæki MANITOU MLT 625-75 H

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigeta: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK

PON



Á réttri hillu Andrea á Dillon.
(Mynd: Arnar Páll Hauksson)

drifkraft móður sinnar að eigin sögn fór Andrea sem barn í sveit og byrjaði síðan ung að vinna í timbri, sem var fyrsta vinnan sem hún fékk greitt fyrir.

„Kaupfélagið sá um að flytja inn timbur, sem síðan þurfti að bera í stafla og umstafla og flokka. Mér fannst þetta mjög skemmtileg vinna, ég hef alltaf verið frekar hraust og sterk.“

Eftir landsprófið á Selfossi, dró frelsisþráin Andreu til Reykjavíkur, þrátt fyrir að flestir skólafélagar hennar hefðu farið á Laugarvatn. „Mig langaði til Reykjavíkur svo ég gæti farið í bíó og hitt og þetta,“ segir Andrea, sem leigði herbergi hjá frænku sinni, Jónínu Benediktsdóttur, og manni hennar. „Jónína og ég erum bræðradætur. Hún var gift Svavari Gestssyni, sem síðar varð blaðamaður og alþingismaður, mér fannst þau miklu eldri en ég, en raunin er sú að þau eru

bara um fimm árum eldri.“

Með skólanum vann Andrea á sumrin og í jólafríum, enda nutu þeir sem fengu vinnu um jól þeirrar umbunar að fá að fara fyrr í jólafrí. „Ég vann í kjötbúðinni, fiskbúðinni og á pósthúsinu. Um jólin fékk ég alltaf vinnu í póstinum, það var rosaleg vertíð og mikil uppgrip, enda sendu allir jólakort á þeim tíma. Á aðfangadag skiptum við starfsstúlkurnar síðan á milli okkar þeim kortum sem eftir voru og bárum út á leiðinni heim, stundum var heilmikill snjór og útburðurinn hálfgerter vesen, en öll kort áttu að komast til skila fyrir jól.“

Ég er svo heppin að hafa aldrei verið útjaskað í vinnu, ég hef alltaf verið heppin, lent í finni vinnu og með frábæru fólki, þannig að ég er ekki útjöskuð líkamlega.“

Í flugi með goðsögnum

Eftir stúdentspróf úr MR árið 1969

var Andrea tvístígandi um hvað hún vildi gera og fór að vinna í apótekinu á Selfossi, sem hún segir hafa verið frábæra lífsreynslu. Ævintýraþráin fékk hana og vin hennar til að skipuleggja ferð til London, „sem hann svo kokaði á, þannig að ég endaði á að fara ein.“

En Andrea gat þó ekki farið fyrr en 17. júní það ár, því þann 16. spilaði Led Zeppelin á tónleikum í Laugardalshöll. „Auðvitað voru þeir svo í flugvélinni og vinkona mín, Olga Clausen, sem er gift frænda mínum Gumma Ben, sem var í Mánum, var flugfreyja í fluginu. Það var líklega hún sem sá um að planta mér á milli þeirra féлага, Roberts Plant og Jimmys Page.“

Tónlistaráhuginn hófst snemma, mikið var hlustað á útvarpið á heimili Andreu og móðir hennar hafði gaman af léttum djassi, þar á meðal Ellu Fitzgerald. Eftir að plötuspilari afa hennar og



Byrjuð í bransanum
Andrea fyrir örfáum árum.

„Mér var sagt upp í útvarpinu og varð mjög móðguð yfir því“

ömmu bræddi úr sér, það faðir Andreu sjómann um að koma heim með einn slíkan frá Noregi um 1964.

„Við systurnar vorum búnar að kaupa 2-3 Bítlaþlötur áður en við eignuðust plötuspilarann. Fólk sem starfaði í útvarpinu vildi alltaf eitthvað nýtt og fyrir 1960 voru flugfreyjur oft fengnar til að kaupa plötur og koma með heim eða einhver annar sem var að koma frá útlöndum. Eftir að Bítlarnir komu þá varð svo mikil ásókn og eftirspurn að plötur tóku að berast til Íslands fljótlega, kannski mánuði, eftir að þær komu út,“ segir Andrea, sem tók snemma að sér að vera plötusnúður í partíum sem haldin voru á sumrin á Selfossi. „Þá mætti ég með spilarann og nokkrar plötur með, ég tók þetta bara að mér af því að mér fannst þetta þurfa að vera. Það verður að segjast með blessað ríkisútvarpið, sem er eitt besta útvarp í heimi, að þá var ekki mikið um tónlist fyrir ungt fólk um helgar, Lög unga fólksins voru í miðri viku, engin næturvakt eða slíkt.“

Þegar Andrea hóf nám við enskudeild Háskóla Íslands hélt spilamennskan áfram, í húsnæði sem deildin átti við hlið Ráðherra-bústaðarins við Tjarnargötu. „Þar var haldið parti við öll tilefni, hvort sem það var íslenskt eða enskt, þetta var mjög partíglatt fólk.“

Þjóðviljinn prófarkalesinn fram á síðasta dag

„Ég hætti í háskólanum af því að ég var ekki alveg að fíla að vera á kafi í lærdómi,“ segir Andrea, sem árið 1972 fékk boð um tímabundið starf sem prófarkalesari á Þjóðviljanum. „Það var Svavar, sem ég hafði leigt hjá, sem benti á mig, þar sem hann vissi að ég væri góð í íslensku sem ég er enn. Prófarkalesarinn Elías Mar þurfti að læra nýja aðferð þar sem verið var að breyta út blýi í offsetprentun, þannig að ég var prófarkalesari í blýi og lærði að lesa fyrirsagnir á forsíðunni aftur á bak. Svo kom í ljós að tvo prófarkalesara þurfti í

prenti, þannig að ég var fastráðin og var í þessu næstum þar til Þjóðviljinn fór á hausinn um áratug síðar.“

Sama ár og hún hóf starf á Þjóðviljanum byrjaði Andrea í útvarpinu með Pétri Steingrímssyni, sem sá um vikulegan þátt síðdegis á laugardögum, Á nótum æskunnar. „Í útvarpi er maður líka plötusnúður, þótt maður tali þar á milli laga.“

Á réttri hillu á Dillon í tvo áratugi

Fyrir tæpum 20 árum, í desember 1999, byrjaði Andrea síðan sem plötusnúður á Dillon við Laugaveg. „Vinkona mín var að vinna á barnum á þeim tíma, og tónlistin var af fimm diska spilara sem rúllaði bara og barþjónarnir voru ekkert að pæla í. Ég fór að skipta mér af, setja nýja diska í og svona, það var einhver sem var að fíla þetta og ég var ráðin til að spila. Fyrst á sunnudagskvöldum, sem þótti fínt, þannig að ég fór að vera líka á laugardagskvöldum. Svo lögðust sunnudagskvöldin af, þannig að ég hef verið föstudags- og laugardagskvöld hér í næstum 20 ár,“ segir Andrea.

Andrea spilar nú hjá fjórðu eigendunum frá því hún byrjaði. Þrátt fyrir eigendaskipti í gegnum tíðina stendur hún vaktina allar helgar frá miðnætti til klukkan þrjú. „Nema ef ég er að spila í einhverri veislu,“ segir Andrea, sem er á sinni réttu hillu á Dillon, bókstaflega, því eins og kunnugir vita þá situr hún á smíðaðri hillu við barborðið meðan hún spilar, með græjurnar og diskana sér við hlið.

Tekur þú þér einhvern tímann frí?

„Nei, á veturna keyri ég barnabörnin í skólann og slíkt, en á sumrin er ég bara hér. Ég segi; ég er alltaf að vinna og ég er alltaf í frí. Þetta er yndisleg vinna og tekjulind.“

Andrea var plötusnúður á þungarokkshátíðinni Eistnaflugi í Neskaupstað í fyrra. „Ég hefði átt að vera búin að fara oftar þangað.“

Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS

Suðurlandsbraut 14 • 108 Reykjavík • Sími 588 0188 • slysabaetur@slysabaetur.is



Billy slær botninn í ballið
Andrea endar öll kvöld á Dillon með því að spila lagið Piano Man með Billy Joel. „Allir dansa saman í hring, og sumir mæta bara fyrir dansinn og halda svo áfram níður í miðbæ á frekara svall.“

Ég er mjög gamaldags, ég er með alla diskana, sem er kannski ekki vesenið, en Dillon er minn staður og stundum er ég föst hér út af samviskunnni, en samt ekki samviskunnni af því þau bara gera allt fyrir mig hér eins og að halda þetta frábæra afmæli fyrir mig. En ef ég kemst annað þá geri ég það.“

Amma rokk sem er eldri en rokkid sjálft

Andrea er aldrei kölluð annað en amma rokk og aðspurð hver fann upp það viðurnefni segist Andrea ekki hafa hugmynd um það. „Ég upphugaði ekki þann titil, ég hef ekki hugmynd um hver byrjaði með hann upphaflega. Ég get verið amma flestra sem eru hérna í dag, jafnvel langamma. Viðurnefnið gæti verið tengt útvarpinu af því að ég var þar á tímabili með rokkþætti, fimm kvöld vikunnar, en ég hlusta á miklu fleira en það, svo er spurning hvað er kallað rokk,“ segir Andrea.

„Mér finnst bara öll flott tónlist alveg frábær hvort sem hún heitir popp eða rokk eða djass, ég er hins vegar ekki vel að mér í klassík. En ég hlusta á alla flóruna. Það er ekki endilega hægt að bera saman tónlist, það er fátt í dag sem er illa gert og margt er alveg framúrskarandi vel gert. Það er alls konar mælikvarði, þetta er ekki eins og að gefa rétt fyrir stærðfræði,“ segir Andrea, sem alla föstudaga sér um að ræða um plötu vikunnar á Rás 1, ásamt Arnari Eggert Thoroddssyni. „Maður setur sig inn í heim viðkomandi tónlistarmanns og dæmir út frá því. Stundum er verri plata kannski skemmtilegri en betri plata, plata getur líka haft meiri tilgang en önnur sem er fullkomnari hvað tónlistina varðar.“

Par sem hún hefur hræst í tónlist allan þennan tíma, er við hæfi að spyrja hvort hún hafi sjálf sungið eða leikið á hljóðfæri? „Nei, ég syng bara með. Ég hef einu sinni stigið á svið og sungið, það var hér á Dillon í afmæli Stelli Hauks, vinkonu minnar, sem var ákveðin í að verða ekki sextug og hélt af því til efni tvenna tónleika, aðra þegar hún var 59 ára og þá seinni þegar hún varð sextug. Það voru allir búnir að syngja lag nema ég og erfiðasta lagið var eftir: Mama Loo, sem er ofsalega langt lag með miklum texta. Ég fékk þau ummæli að ég hefði lúkað vel með mækinginn. Sem betur fer var þetta ekki tekið upp,“ segir Andrea og hlær, og segir engu að síður alveg halda lagi. „Þetta er eitthvað sem maður getur æft sig í, en ég hef ekki haft metnað í það.“

Músikin eins og mannkynsaga

„Ég hef áhuga á músík og tónlistarfólki, þetta er eins og mannkynsaga að miklu leyti, stórmerkilegt fólk og margir textarnir alveg óborganlegir, hugsaðu þér hvað eru margir textar sem er buið að búa til sem eru um alls konar.“

Aðspurð hver hennar upphaldstónlistarmaður sé, stendur ekki á svari. „Bítarnir eru besta hljómsveit í heimi. Mér fannst þá í fyrsta sinn einhver koma fram sem var ekki að bugta sig og beygja fyrir einhverju yfirvaldi. Þeir sögðu sína skoðun. Fyrsta efnið sem þeir koma með tengist sjötta áratugum og rokki, svo byrja þeir að semja sjálfir og verða á stuttum tíma rosalega frumlegir. Að hlusta á plötur þeirra sýnir hvað varð mikil þróun og maður sér hvað þeir voru góðir með því að hlusta á upptökur með þeim.“

Mér finnst svo gaman þegar koma hreyfingar sem virka og hafa virkilega áhrif á samtímann og umhverfið, á hippatímabilinu þá var mjög mikil fegurðardýrkun, svo kom pönkið og gerði ófríðleikann mjög töff og kúl. Pönkararnir voru líka hippar, það verður að hræra upp til að allt falli ekki saman og allir segi já og amen við öllu. Það er ennþá fólk sem segir að popparar eigi ekki að syngja um pólitík. Hvaða hroki er það að segja að popparar eigi ekki að skipta sér af pólitík? Sumir eru jú bara að syngja um ást og hamingju og gera það á fallegan eða frumlegan hátt,“ segir Andrea. „Ný kynslóð er svo komin, sem byrjaði hjá okkur með Sigur Rós, það er fólk sem er með umhverfisvernd að leiðarljósi. Ekki muna Sigur Rós bara út af skattaskýrslu, þeir lögðu mikið í umhverfisvernd og ég held ekki að Jónsi sitji sjálfur og geri skattaskýrsluna sína.“

Aðspurð hverjir séu upphalds í íslenska tónlistarheiminum, segir Andrea geta talið upp marga. „Ég er oft feimin við að nefna íslenskt, þá skilur maður eitthvað út undan; Hljómar, Trúbrot, Ragga Gísla, Alvía Íslandía, Jói G., sem er reyndar látinn, Mánar frá Sel-fossi, Studmenn, hver nefnir ekki þá hljómsveit, Emilíana Torrini, Valdimar, Elly Vilhjálmss, Dimma, Sólstaðir, Sigur Rós, Engilbert Jensen hefði átt að verða heimsfrægur með sína einstöku rödd og Björgvín Halldórssón, þú getur ekki hlustað á raddfegurri mann. Það er eitthvað að þér ef þú þekkir hann ekki, Krummi, sonur hans, er að gera frábæra hluti, það er svo gaman þegar þetta erfist, það er ekki sjálfgefið.“



Tvær goðsagnir Andrea ásamt Robert Plant.

„Mamma var rosalega dugleg og því miður erfði ég ekki mikið af því“

Kynhneigðin aldrei tilkynnt sérstaklega

Andrea er samkynhneigð og segist aldrei hafa tilkynnt það sérstaklega með því að koma út úr skápn. „Á sínum tíma vildi ég ekki segja frá því út af dóttur minni, en ég hef heldur ekki þurft að lifa þannig að ég hafi þurft að skilgreina mig. Ég hef aldrei þurft að skipta mínum heimi, sem ég er þakklát fyrir, og ég er líka þakklát þeim sem þurftu að gera það og ruddu brautina fyrir aðra,“ segir Andrea og bætir við að kynhneigð og skilgreining á henni sé flókin í dag: „En samt ekki jafnflókin og undirflokkar rokksins. Fyrir löngu ákvað ég að ég ætlaði ekki að taka þátt í því, ég ætlaði ekki að vita hvað „black metal“ eða „green metal“ væri. Þetta er bara rokk og annaðhvort er það gott eða ekki. Kannski er það eins með kynvitundina og gott að ýta á okkur með það einu sinni enn að vera bara frjálslýndur og vera ekkert að þæla í þessu. Það er alveg númer eitt að fólk sé frjálslýnt og umburðarlynt.“

Andrea á eina dóttur, Laufeyju, sem er fædd 1974, og þrjú barnabörn, sem verða 10, 18 og 23 ára á árinu. Auk þess á hún uppeldis-

soninn Áka, sem hún eignaðist árið 1985. „Hann er að gifta sig í sumar og ég fer fyrst til Bandaríkjanna í forbrúðkaup, þar sem hann býr og starfar sem doktor í sjávarlíffræði. Síðan koma þau hjónin hingað, konan hans tilvonandi er frábær stúlka af sænskum ættum sem er líklega ástæðan fyrir að hún er opin fyrir því að vera á Íslandi.“

Ég er svo sérvitur, ég vil ekki að einhver segi mér að þessi bunki megi ekki vera þarna. Ég vil hoppa í kringum mína bunka ein,“ svarar Andrea aðspurð hvort hún sjálf eigi maka. „Ég hef verið í sambúð tvisvar sinnum, sem er bara alveg fint, en í dag er ég samt aldrei ein, barnabörnin eru mikið hjá mér. Yngri stelpan stakk upp á því um daginn að ég fengi mér kött, þar sem ég væri alltaf ein, og ég svaraði því til að ég væri ekkert ein, hún væri alltaf hérna!“

Ástæðan þess að ég varð plötusnúður að fullri atvinnu á sínum



Í útvarpinu
Andrea á Rás 2 árið 2013 með plötu Sigur Rósar. Kveikur.



Bítarnir bestir Andrea árið 2004 með dagatal bestu hljómsveitar í heimi.

tíma hér á Dillon er að þegar ég varð fimmtug þá var ég vinnulítill á tímabili. Mér var sagt upp í útvarpinu, þeir vildu breyta mér úr föstum starfsmanni í „freelance“ og ég varð mjög móðguð yfir því. Eftir stutt stopp á Bylgjunni og Stjórnunni hætti ég að vera móðguð og fór aftur á RÚV sem „freelance.“ Eftir á að hyggja þá er það frábær aðlögun að því að verða eldri borgari. Þar sem ég er ekki fastráðin þarf ég ekki að hætta vegna aldurs og ég hef enn ekki verið rekin. Auðvitað kemur að því að ég verð rekin frá RÚV og þegar það verður mun ég ekkert verða móðguð yfir því.“ ■



RÁIN ER ALHLIÐA VEITINGAHÚS
Í *hjarta* REYKJANESBÆJAR

MATSÖLUSTAÐUR

SKEMMTISTAÐUR

RÁÐSTEFNUR

ÁRSHÁTÍÐIR

VEISLUR



VIÐ ERUM ÖLL EIGINGJÖRN

■ Flokkun ■ Neysla ■ Endurvinnsla ■ Grænþvottur ■ Hvernig vitum við hvað á að gera?

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Við mennirnir getum verið eigingjarnir. Ég, þú og allir sem við þekkjum. Eigingirnir okkar kemur ekki alltaf fram sem einbeittur brotavilji gagnvart öðru fólki þar sem við gerum eitthvað slæmt á hlut annarra okkur til hags, þó svo að sú staðreynd eigi klárlega við í sumum tilfellum. Nei, eigingirnir okkar kemur fram í þeirri einföldu sýn hvernig við eigum það til að fara með umhverfi okkar. Jörðina sem við búum á og tökum sem gefinni.

Flestallir Íslendingar hafa heyrt talað um hlýnun jarðar, spillingu eiturefna, hraða tísku og ofnotkun á plasti. Við heyrum þetta rætt á kaffihúsum, í fyrirlesturum, fréttunum og á ótal stöðum. Við vitum að þetta er ekki gott og við vitum að þetta er okkur sjálfum að kenna. Við hugsum oft: „Æi, ég mætti nú vera duglegri að flokka rusl,“ eða „Ég þarf nú kannski ekki að eiga tíu gallabuxur.“ En svo þegar kemur að því að framkvæma sitjum við oft á okkur. Finnst þetta flókið og kennum stóriðnaði og samfélagslegum þrýstingi um neyslunvenjur okkar. Hugsum jafnvel: „Hverju breytir það svo sem ef ég flokka? Ég er bara ein manneskja á þessari jörð.“

Öllu. Er svarið við þeirri spurningu. Það sem mestu máli skiptir er hugarfar okkar gagnvart framtíðinni.

„Samfélagið þróast til hins betra þegar eldra fólk plantar trjám þótt það viti að það muni ekki njóta skugga þess,“ segir gamalt viskukorn sem

„Allt sem við getum gert til þess að hjálpa til skiptir máli“

uppistandarinn Ricky Gervais hefur verið þekktur fyrir að nota. Þetta er ekki flókið. Allt sem við gerum hefur áhrif á fólkid í kringum okkur og mun hafa áhrif á komandi kynslóðir. Börnin okkar, barnabörn, barnabarnabörn og svo framvegis.

Grænþvottur

Það tengja líklega mjög margir við það að byrja á einhverju, finnst það of erfitt eða of flókið og hætta því við. En hvert lítið skref sem við tökum í rétta átt er gott. Blaðamaður lagðist í rannsóknarvinnu og aflaði sér upplýsinga um flokkun, neyslu, endurvinnslu, grænþvott og fleira nytsamlegt sem gott er að hafa í huga.

Grænþvottur á sér stað þegar fyrirtæki gefa ranglega til kynna að það sé umhverfisvænt. Auglýsingar og merkingar á vörum lofa meiri umhverfisávinningi en þær í raun og veru innibera. Fyrirtæki reyna með þessum hætti að blekkja neytendur. Talað hefur verið um sjö syndir grænþvottar:


1. Syndin að fela gallana
2. Syndin að setja fram staðhæfulausar fullyrðingar
3. Syndin að vera óskýr
4. Syndin að leggja áherslu á aukaatriði



Rusl Breytir það einhverju ef þú flokka?



Snyrtivörur
Ert þú að eitra fyrir þér?



Íslensk fyrirtæki hafa notfært sér grænþvott til þess að blekkja neytendur

5. Syndin um skárra af tvennu illu
6. Syndin að segja ósatt
7. Syndin að setja fram falskar merkingar

Gerðar hafa verið rannsóknir hérlandis sem gefið hafa til kynna að íslensk fyrirtæki hafi notfært sér grænþvott til þess að blekkja neytendur. Það getur gert okkur erfðara fyrir enda er slæmt að geta ekki treyst fyrirtækjum til þess að markaðssetja vörur rétt. Það sem er best fyrir neytendur að gera í þessu tilfelli er að lesa sér til um

„Ung börn sérstaklega berskjölduð hreinsiefnum“

fyrirtækið, framleiðandann og vöruna sjálfa. Einnig er mikilvægt fyrir okkur að taka meðvitadár ákvarðanir þegar kemur að því að versla. Þarft þú á vörinni að halda? Við eigum það nefnilega til að kaupa miklu meira en við þurfum í raun og veru. Mörg fyrirtæki hafa nú tekið upp á því að selja ýmiss konar umhverfisvænar vörur svo sem drykkjarbrúsa úr áli í staðin fyrir plasti. En þarft þú á því að halda? Átt þú plastbrúsa heima sem þú getur enn þá notað?

Hvað með allt plastið?

Lífplast (PLA/PHA) er samheiti yfir plasttegundir sem framleiddar eru úr lífmassa í stað jarðefnaeldsneytis. Helsti kosturinn við notkun lífplasts er að efnið er framleitt úr endurnýjanlegum auðlindum og eru helstu hráefnin mais, sykurreyr, sykur og hálmur. Þessar tegundir plasts hafa verið notaðar til dæmis í plastpoka, penna og í stað einnota borðbúnaðar.

Lífplast er til í tveimur útgáfum. Það sem brotnar niður og það sem brotnar ekki niður.

„Lífplast sem brotnar ekki niður er framleitt úr lífmassa en hefur alveg sömu uppbyggingu og hefðbundið plast og flokkast því sem slíkt, til dæmis til endurvinnslu. Það er því mikilvægt að skilja á milli lífplasts sem á að fara í plastendurvinnslu og lífplasts sem er lífbrjótanlegt. Merkingar á slíku plasti geta verið bio-PE, bio-PET, bio-PA og bio-PP. Þessi tegund plasts er notuð í auknum mæli í samsettum umbúðum, til dæmis í

plasttappa á drykkjarvörufernum.

Lífplast sem brotnar niður hefur sömu eiginleika og annað lífrænt efni, það er að það brotnar niður í vatn, CO₂, lífmassa og metan. Niðurbrotið tekur um 10 vikur ef hita- og rakastig er hentugt og réttar örverur eru til staðar. Einn helsti kosturinn við lífbrjótanlegt plast er því sá að það getur brotnað niður í náttúrunni séu réttar aðstæður fyrir hendi. Hins vegar tekur það yfirleitt mun lengri tíma og það brotnar að líkindum aldrei alveg niður vegna þess að réttar aðstæður eru ekki fyrir hendi. Að geta brotnað niður er mikilvægur eiginleiki ef efnið fær ekki rétta úrgangsmeðhöndlun og endar í náttúrunni,“ segir á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Hafa ber í huga að endurvinnsla á lífbrjótanlegu plasti er með allt öðrum hætti en venjulegu plasti. Það ætti ávallt að fara í almennt sorp eða með lífrænum úrgangi. Þegar ekki eru ákjósanleg skilyrði til niðurbrots lífplasts getur það hægt á niðurbrotinu og því er mikilvægt að átta sig á því að þeir lífplastpokar sem eru gjarnan notaðir undir heimilisrusl leysast ekki auðveldlega upp í heimajardgerð.

Fyrir þá sem vilja minnka plastpokanotkun heimilisins er mikilvægt að vera duglegir að flokka. Því meira sem við flokkum því færri poka þurfum við. Endurvinnsluefni má fara laust í tunnum og ef nauðsynlegt þykir að nota plastpoka undir úrgang er gott að nota þá poka sem óhjákvæmilega koma

Hádegis tilboð
alla virka daga frá 11.30 - 14.00

Humarsúpa
brauð & Þorskspjót
2.850 kr

Sægreifinn
Geirsgötu 8 • 553 1500

BORG
BRUGGHUS

VÉG, ÞÚ OG ALLIR HINIR!



Flokkun Hver fjölskylda getur komið upp sinni aðstöðu.

inn á heimilið til dæmis undan brauði, kartöflum, fatnaði eða leikföngum.

Íslendingar sóa um þriðjungi af mat

Matarsóun á Íslandi er gríðarleg og er talið að við sóum um þriðjungi. Þegar við drögum úr matarsóun lágmörkum við neikvæð áhrif á umhverfið og gott er að til-einka sér ýmis húsrád eins og að skipuleggja innkaup, nýta frystinn og borða afganga. Það sem er gott að gera við þá matarafgangna sem við ekki notum er að molta þá eða gefa smáfuglum.

Skadleg innihaldsefni snyrtivara. Hvað getum við gert?

Í fyrsta lagi er gott að draga úr notkun snyrtivara eins mikið og þú getur. Þá er gott fyrir þig að velja vörur sem eru umhverfsvottaðar með til dæmis Svaninum eða Evrópublóminu. Með þeim þarft þú ekki að hafa áhyggjur af því að vörurnar innihaldi rotvarnarefni, ofnæmisvaka, efni sem geta verið hormónaraskandi eða séu ekki ákjósanleg í náttúrunni.

Sniðugt er að kaupa sápur í stærri umbúðum og fylla frekar á minni umbúðir sem þú átt til á heimilinu. Þá eru handa- og hársápur einnig fánlegar í stykkjum en ekki fljótandi efni og eru þær umhverfsvænni.

Búðu til þitt eigið krem og farða. Kókosolíu má til að mynda vel nota sem farðahreinsi og einnig til þess að viðhalda raka húðarinnar.

Hreingerning með hreinsiefnum skilur alltaf eftir efnaleifar í umhverfinu

Mörg þvotta- og hreinsiefni geta verið ertandi og jafnvel ætandi. Þegar við notum hreinsiefni verða ávallt efnaleifar í umhverfinu og eru ung börn sérstaklega berskjölduð fyrir þeim þegar þau skríða um gólf.

Til að byrja með er gott að minnka þá skammta sem þú notar til þess að þrifa. Til að mynda hefur verið sýnt fram á það að Íslendingar eigi það til að nota allt of stóra þvottaefnaskammta í þvottavélarnar en vatnið á Íslandi er steinefnasnautt og þess vegna þurfum við minna þvottaefni en önnur lönd.

Með einfaldri leit á veraldarvefnum má finna margar góðar uppskriftir að náttúrulegum hreinsiefnum úr einföldum hrá-



Náttúran Allt það sem við setjum óflokkað í rusl endar á einn eða annan hátt úti í náttúrunni.

Hverju breytir það svo sem ef ég flokka?

efnum eins og matarsóda, sítrónu, ediki og öðru. Þá er einnig gott að draga úr umbúðakaupum með því að kaupa stórar umbúðir og fylla á minni. Vörur sem vottaðar eru með Svaninum eða Evrópublóminu innihalda lágmarksmagn af efnunum.

Veldu húsgögnin þín vel. Mörg þeirra innihalda eitrefni

Við eigum það til að fá nóg af þeim húsgögnum sem við eigum og þegar stórar verslunarkeðjur bjóða upp á gott verð og einföld kaup þá eigum við það til að bíta á agnið.

Þarft þú á þessu húsgagni að halda? Ef svo er hafðu þá í huga hver ending þess er, gæði, vottun og annað. Nýttu húsgögnin þín vel, ekki skipta um „af því bara.“ Stöðugt fleiri framleiðendur vinna í því að draga úr umhverfisáhrifum framleiðslu sinnar og því er ekki erfitt að fá svar við því hvort húsgögnin séu umhverfsvottuð.

Þegar keypt er nýtt innihúsgagn er gott að láta lofta vel um það í nokkra daga en það getur gefið frá sér skadleg efni til að byrja með. Forðastu að kaupa húsgögn með gervileðri og lengdu líftíma húsgagna með því að gefa þau áfram eða selja.

Nýjasta tíska?

Þegar kemur að fatanotkun er nokkuð algengt að í skápnum okkar leynist fót sem við notum sjaldan eða aldrei. Þau er gott að gefa áfram til fatasöfnunar Rauða krossins til dæmis. Ekki kaupa þér óþarfa flíkur og reyndu að vanda valið vel þegar kemur að kaupunum. Hröð tíska og ódýr fót sem koma frá stórum verslunum eru ekki góð kaup. Vörurnar eru yfirleitt ekki í góðum gæðum, koma frá slæmum framleiðendum og eru hönnuð til þess að endast stutt.

Þarft þú í raun og veru að eiga tíu peysur, fimmtán kjóla og tuttugu skópör? Reyndu að kaupa þér endingargóð fót hjá fyrirtækjum sem passa vel upp á umhverfið.

Allt of flókið að flokka?

Í dag eru margar vörur orðnar flókar til endurvinnslu. Því tækni-væddari sem þær eru því fleiri hráefni þarf til þess að framleiða þær og allt það sem við setjum óflokkað í rusl endar á einn eða annan hátt úti í náttúrunni. Flokkun og endurvinnsla er því lykilatriði til

þess að forðast mengun.

Þær vörur sem ekki er hægt að endurvinna eru meðal annars tyggigúmmi, svampar og einnota bleyjur. Langflestar aðrar vörur sem við notum dagsdaglega er hægt að endurvinna. Timbur, plast, gler, málmur og pappír missa ekki eiginleika sína og hægt er að endurvinna þær margo. Spilliefni eins og rafhlöður, olu-málning, terpentína, tjöruleysir, lyf og fleira er bannað að urða og brenna. Þeim ber að skila inn til endurvinnslustöðva.

Það er í raun ekki nein ein leið best til þess að byrja að flokka en hver og ein fjölskylda getur sett upp aðstöðu sem



hentar henni best. Gott er að flækja hlutina ekki fyrir sér og yfirleitt þurfa ekki miklar breytingar að eiga sér stað. Flokkið plast, pappír og annan úrgang hvert í sitt ílátið. Bara með þeim breytingum sjáum við strax mikinn mun og leggjum okkar af mörkum.

Bæði einnota pappírbleyjur sem og margnota taubleyjur hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif. Þó eru áhrif margnota taubleyja töluvert minni og séu þær

þvegnar á réttan hátt minnka um-

hverfisáhrif þeirra töluvert. Því getur verið góður kostur að nota taubleyjur frekar en pappírbleyjur fyrir börnin okkar. Veldu blautþurrkur sem innihalda ekki paraben eða ilmefti en þau efni geta valdið hormónaraskandi áhrifum og ofnæmi. Sneiddu hjá snuðum, pelum og naghringjum sem innihalda þalöt.

Í dag er talið að hver Íslendingur noti á milli 100–200 plastpoka á ári, sem er rosalegt magn. Handtöskur, margnota innkaupapokar eða að nota sama plastpokann aftur og aftur er góð lausn til þess að minnka þessa notkun. Teljir þú þig eiga mikið af þokum sem ekki eru í notkun, gefðu þá ættingjum eða vinum þá sem ekki eru byrjaðir að draga úr einnota notkun.

Allt sem við getum gert til þess að hjálpa til skiptir máli.

Fyrir mig, fyrir þig og fyrir komandi kynslóðir. Ætlar þú að gróðursetja tré fyrir aðra til að njóta? ■



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

FERMINGAR tilboð

GJÖF FYLGIR FERMINGAR-RÚMUM

vefverslun svefnogheilsa.is

Taktu því rólega og skoðuðu vöruúrvalið okkar á netinu og gerðu hagstæð innkaup

Svefn & heilsa
★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Ópið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

MANNDRÁP OG ALVARLEGIR GLÆPIR KVENNA Á ÍSLANDI

Framhald frá síðasta tölublaði

DV heldur áfram umfjöllun um alvarlega glæpi framda af konum. Nokkuð sjaldgæft er að konur fremji alvarlega glæpi á Íslandi, svo sem manndráp, ofbeldisglæpi og kynferðisbrot. Undanfarna fimm áratugi hafa nokkrar konur komist í kastljós fjölmiðla í tengslum við alvarleg sakamál. Þetta eru sögur þeirra.

KÖLLUÐ ÍSAFJARÐAR-BEGGA

Þann 23. júlí árið 2000 varð Bergþóra Guðmundsdóttir manni að bana í íbúð að Leifsgötu 10 í Reykjavík. Bergþóra og Hallgrímur Elísson voru gestkomandi í íbúðinni og höfðu setið við drykkju ásamt húsráðanda og öðrum gesti. Á einhvern hátt tókst Hallgrími að reita Bergþóru til reiði og í kjölfarið kom til átaka á milli þeirra. Endaði það með því að Bergþóra réðst á Hallgrím þar sem hann lá á dýnu á gólfi íbúðarinnar og þrengdi að hálsi hans með þeim afleiðingum að hann lést.

Bergþóra hélt ávallt fram sakleysi sínu í málinu en framburður hennar við yfirheyrslur og fyrir dómi var þónokkuð breytilegur, og sama gilti um framburð annarra vitna í málinu. Þrátt fyrir það var talið óyggjandi að Bergþóra hefði banað Hallgrími þetta kvöld.

Héraðsdómur taldi að það

hefði ekki verið ásetningur Bergþóru í upphafi að deyða Hallgrím en þar sem atlega hennar gegn honum var svo ofsafengin þá leit dómurinn svo á að um hefði verið að ræða ásetningsverk, í lagalegum skilningi.

Þann 30. mars 2001 var Bergþóra dæmd til 14 ára fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hæstiréttur Íslands staðfesti dóminn í júní sama ár.

Bergþóra kom frá Ísafirði og hlaut síðar viðurnefnið Ísafjarðar-Begga. Í apríl 2005 birtist ítarlegt viðtal við Bergþóru í helgarblaði DV en þá var hún í Kvennafangelsinu í Kópavogi. Fram kom að líf hennar hefði ekki alltaf verið dans á rósum. Hún ólst upp við drykkju og óreglu og átti í erfiðleikum vegna ofvirkni og athyglisbrests, sem hún fékk aldrei greiningu á. Hún var ung þegar hún leiddist út í neyslu



Ísafjarðar-Begga
DV 2. apríl 2005.

áfengis og fíkniefna og eignaðist tvö börn sem síðar var komið fyrir á fósturheimilum. Hún var svokölluð síbrotakona og komst stöðugt í kast við lögin.

Í viðtalinu kom fram að allt frá því að Bergþóra var smástelpa hefði hún lært að bita frá sér ef að henni var sótt

„Ég læt ekki vaða yfir mig og ef ég á nokkra möguleika á að verjast, geri ég það. Einn liðurinn í því er að vera ekki að skæla vegna örlaga minna.“

BEIT TUNGUNA ÚR EIGINMANNI SÍNUM

Í mars í fyrra hlaut hin ástralska Nara Walker 12 mánaða fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir líkamsárás og stórfellt ofbeldisbrot í nánu sambandi en níu mánuðir voru skilorðsbundnir.

Nara var sakfelld fyrir að hafa veist með ofbeldi að eiginmanni sínum að kvöldi 9. nóvember 2017 og bita í tungu hans þannig að hún fór í sundur. Þá var hún einnig sakfelld fyrir að hafa veist með ofbeldi að konu sem var gestur á heimili þeirra hjóna.

Nara og þáverandi eiginmaður hennar, sem er frá Frakklandi, fluttust til Íslands í október árið 2016 eftir að eiginmanni hennar bauðst tímabundið starf hér á landi. Nara var í ítarlegu viðtali við DV í mars í fyrra og ræddi sína hlið á málinu. Hún kvaðst sjálf vera fórnarlamb áralangs heimilisofbeldis af hálfu eiginmanns síns og lagði áherslu á að tungubitið hafi verið ósjálfráð viðbrögð í hita leiksins.

Sagði hún að eiginmaður hennar hefði beitt hana andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi í fjölmörg skipti og að fyrsta skiptið hefði verið nokkrum mánuðum eftir að samband þeirra hófst.


Frásögn Nöru af atburðum kvöldsins er á skjön við framburð eiginmanns hennar og hinnar konunnar. Umrætt kvöld voru Nara og eiginmaður úti að skemmta sér ásamt umræddri konu og bandarískum karlmanni og var síðan haldið heim til þeirra hjóna. Þar áttu sér stað átök sem leiddu til þess að Bandaríkjamadurinn yfirgaf samkvæmið.

Hélt Nara því fram að eiginmaður hennar hefði byrjað henni kókaín þetta kvöld.

Í samtali við DV lýsti Nara atburðarásinni þannig að eiginmaður hennar hefði meinað henni að yfirgefa íbúðina, kýlt hana margsinnis og síðan komið með andlit sitt nær hennar þannig að hún varð dauðskelkuð. Sagðist hún hafa orðið „stjörfa af hræðslu“ með andlit mannsins svo nærri hennar og þegar hann hafi reynt að kyssa hana þá hafi það gerst, að hún beit helminginn af tungu hans, í einum bita.

„Hann þvingaði tunguna upp í mig og þetta voru ósjálfráð viðbrögð. Ég var í áfalli.“

Þá bætti hún við á öðrum stað: „Þegar lögreglan kom á staðinn þá benti maðurinn minn á mig og sagði: „Hún gerði þetta, hún gerði þetta,“ en ég reyndi að segja þeim að ég hefði orðið fyrir árás



Nara Walker
Áströlsk kona sem beit
tunguna úr eiginmanni sínum.

Hann þvingaði tungunni upp í mig og þetta voru ósjálfráð viðbrögð

þetta kvöld, að hann hefði ráðist á mig. Þetta endaði samt þannig að maðurinn minn og konan voru flutt á slysideild en ég var flutt á lögreglustöð, sett í fangaklefa í 15 klukkutíma og yfirheyrð. Ég var mjög ringluð yfir því af hverju ég var tekin en ekki hann.“

Nara sagðist jafnframt hafa staðið uppi heimilislaus og allslaus eftir atvikið. Sagði hún það hafa komið henni algjörlega í opna skjöldu að hljóta dóm vegna atviksins. „Það kom mér ekki á óvart að ég skyldi vera kærð, enda skil ég að eftir að einhver hlýtur áverka þá þarf að rannsaka það og komast að niðurstöðu. Ég bjóst samt alls ekki við að fá dóm, enda gerði ég ráð fyrir að það yrði tekið til greina ofbeldið sem ég var beitt áður en þetta átti sér stað.“

Mál Nöru rataði aftur í fjölmiðla í desember síðastliðnum þegar Landsréttur þyngdi dóminn yfir henni úr árs fangelsi í 18 mánuði, þar af 15 mánuði skilorðsbundna. Hæstiréttur hafnaði í kjölfarið málskotsbeiðni hennar. Blásið var til þögulla mótmæla fyrir utan fangelsið á Hólmsheiði þegar Nara mætti þangað til að hefja afplánun þann 20. febrúar síðastliðinn. Þá hafa vinir Nöru í heimalandi hennar blásið til undirskriftasöfnunar henni til stuðnings auk þess sem móðir hennar hefur skrifað bréf til íslenskra ráðamanna og farið fram á að dóttir hennar verði náðuð.

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

NOKIA



Nokia 9 PureView HANN ER KOMINN

androidone

ZEISS



5x 12 MP myndavél



IP67 Vatns og rykheldur



20 MP Fram myndavél



Android 9 Pie

10 KONUR

Auk Bergþóru hafa frá árinu 1974 níu konur hlotið dóma fyrir manndráp hér á landi, þar af ein tvisvar sinnum.

Munda Pálin Enoksdóttir varð kunningja sínum, Jóhannesi Þorvaldssyni, að bana á heimili sínu á Suðurlandsbraut þann 25. október 1974. Veitti hún

honum áverka með hníf með því að skera hann á háls og stinga hann fyrir ofan viðbein og herðablað, og stuttu síðar réðst á hún á hann aftur með vasahníf og litlum skærum og stakk hann. Munda hafði áður verið vistuð á geðdeild en hún hafði tvisvar áður hlotið kærufyrir að ráðast á fólk með eggvopni. Munda var ódæmd

ósakhæf. Munda losnaði úr haldi árið 1985 en sex árum síðar, í febrúar 1991, stakk hún sambýlismann sinn Óskar Þórðarson til bana á heimili sínu í Reykjavík. Hún hringdi á kjölfarið á Kleppspítala og játaði á sig verknaðinn. Hún var aftur talin ósakhæf vegna geðröskunar og var dæmd til að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Hún eyddi ævinni meira og minna inni á stofnunum og síðustu árunum á réttargeðdeildinni að Sogni.

Í febrúar 1979 stakk Jenný Kristín Grettisdóttir eiginmann sinn, Árelús Viggósson, til bana á heimili sínu við Skólavörðustíg í Reykjavík. Hjónin voru við það að skilja á þessum tíma en til átaka kom á milli þeirra eftir dansleik. Endaði það með því að Jenný Kristín greip hníf og stakk Árelús í bringuna. Hún hringdi sjálf á sjúkrahúsi í kjölfarið og viðurkenndi strax við yfirheyrslur hjá lögreglu að hafa stungið eiginmann sinn. Það hefði þó ekki verið ásetningur hennar að bana honum. Hún hlaut fimm ára fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur en Hæstiréttur þyngdi síðar dóminn í fimm og hálf ár.

Í janúar 1981 varð Björg Benjamínsdóttir eiginmanni sínum að bana með því að hella yfir hann bensíni þar sem hann lá í áfengisdauða, og bera síðan að honum eld.



Björg hafði áður sent tvö ung börn þeirra á brott úr íbúð fjölskyldunnar í Kötluvellu í Breiðholti. „Kötluvellsmálið“ svokallaða varð umtalað í samfélaginu og vildu sumir meina að gjörðir Bjargar væru réttlætanager þar sem eiginmaður hennar hafði verið afar drykkfelldur og komið illa fram við hana. Björg var engu að síður talin sakhæf og hlaut 16 ára fangelsisdóm. Dómurinn var síðar mildaður í 14 ár.

Árið 1991 var 15 ára stúlka dæmd til þriggja ára fangelsisvistar fyrir að hafa ásamt 17 ára pilti orðið Úlfari Úlfarssyni, 28 ára, að bana. Stúlkan lokkaði Úlfar með sér inn í húsasund þar sem pilturinn sló hann í höfuðið þannig að Úlfar féll. Höfuð hans skall utan í steintröppur með þeim afleiðingum að hann hlaut banvæna höfuðáverka.

Í janúar 1992 varð Jónína Sigríður Guðmundsdóttir sambýlismanni sínum, Hafsteini Smára Halldórssyni, að bana á heimili þeirra í Vestmannaeyjum. Jónína var þá tvítug að aldri. Höfðu þau setið við drykkju ásamt fleirum þegar til rífrildis kom á milli þeirra. Að lokum tók Jónína upp flökunarhníf og stakk Hafstein í í brjóstið. Hnífstungan var svo djúp að hnífurinn gekk inn að hjarta hans.

Jónína var talin hafa banað Hafsteini af ásettu ráði en það var metið til refsilækkunar að hún var ung að aldri og framdi verknaðinn í mikilli reiði og geðshræringu. Hún hlaut fjögurra ára fangelsisdóm í héraðsdómi en Hæstiréttur þyngdi síðan dóminn í sex ár.

Í október 2002 var Sigurhanna Vilhjálmsdóttir dæmd fyrir að stinga sambýlismann sinn, Steindór Kristinsson, í bringu og kvíð með þeim afleiðingum að hann lést 18 dögum síðar.

Verknaðurinn var framinn í ölæði og kom fram við réttarhöldin að Steindór hefði beitt Sigurhönnu ofbeldi fyrr um kvöldið. Hún hlaut að

lokum átta ára fangelsisdóm.

Árið 2004 varð Hildur Árdís Sigurðardóttir 12 ára gamalli dóttur sinni að bana með því að stinga hana margsinnis. Þá veittist hún einnig að eldri syni sínum með hníf og veitti sjálfri sér áverka. Eldri syni hennar tókst við illan leik að flýja út úr íbúðinni og hringja á lögreglu. Hildur hafði lengi glímt við alvarleg, geðræn veikindi. Hún var dæmd ósakhæf og gert að sæta öryggisgæslu á réttargeðdeildinni að Sogni.

Í júlí 2011 fæddi hin litháenska Agné Krataviciuté sveinbarn á hótélherbergi á Hótel Fróni í Reykjavík. Hún veitti litla drengnum því næst skurðáverka og þrengdi síðan að hálsi hann þar til hann lést. Agné var þá 22 ára gömul og starfaði sem hótelperna á hótelinu. Barnið fannst skömmu síðar í ruslagámi. Málsvörn Agné fyrir héraðsdómi byggði meðal annars á því að andlegt og líkamlegt ástand hennar hefði verið slíkt eftir óvænta fæðingu barnsins að hún hefði enga stjórn haft á gjörðum sínum eða vitneskju. Hún hefði ekki áttað sig á því að hún væri þunguð og fæðingin hefði reynst henni gifurlegt áfall. Agné neitaði ætíð sök í málinu. Hún hlaut tveggja ára fangelsi í héraði en Hæstiréttur þyngdi síðar dóminn um eitt ár.

Þá varð hin pólska Danuta Kaliszewska sambýlismanni sínum að bana á heimili í Hafnarfirði í febrúar 2015. Stakk hún sambýlismann sinn, sem einnig var pólskur, í hægri hlið líkamans þannig að hnífurinn gekk inn í hægri lunga hans og blæddi úr lunganu með þeim afleiðingum að hann lést. Bæði voru þau í annarlegu ástandi. Danuta neitaði sök í málinu en geðlæknir sem bar vitni fyrir dómi sagði Danutu ekki eiga við geðræn vandamál að stríða, né væri hún siðblind. Hún var að lokum dæmd í 16 ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness.

VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, ný jafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

**FEÐUR
ENDING
MÝKT**



ÁLYAK

Ál er okkar mál • Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



DRAUMASAMFÉLAG EF KARLAR HEGÐUÐU SÉR EINS OG KONUR?

■ Gamlar hugmyndir um kynin lífseigar ■ Afbrotum hefur fækkað

Helgi Gunnlaugsson er afbrotafraeðingur og prófessor í félagsfræði við HÍ. Hér verður fram haldið greiningu hans á muninum á afbrotahæðun kynjanna frá því í síðasta tölublaði.

Konur og karlar í fangelsi

Fangelsistölur eru mjög lýsandi veruleiki fyrir þann mun sem er á glæpum kynjanna. Sem dæmi má nefna að hér á landi eru konur að jafnaði innan við tíu í fangelsi á móti um 160 körlum. Hlutföllin eru ekki ósvipuð erlendis. Spurningin er eiginlega hvað er að körlum frekar en velta fyrir sér konum eða ástæðum brota hjá þeim. Við sjáum reyndar bágbornari stöðu karla víðar í samfélaginu.

Hegðunarvandi drengja er mun meiri en stúlkna og þeim líður jafnframt verr í skóla en stúlkum. Vímuefnavandinn er stærri hjá körlum og þeir falla í meira mæli fyrir eigin hendi en þær. Karlmennskunni fylgja því óneitanlega skuggahliðar. Jafnréttisbaráttan á ekki síður við um karla en konur þótt okkur sé gjarnt að horfa til kvenna þegar jafnréttismál ber á góma í samfélaginu. Aftur á móti eiga konur sem enda í fangelsi oft við meiri vanda að stríða en venjulegir karlfangar. Lengi vel voru afplánunarúrræði kvenna takmarkaðri hér á landi en karla en það hefur breyst sem betur fer. Konur hafa í dag einnig möguleika á til dæmis opnum úrræðum eins og karlar.

Hvers vegna er svona mikill munur á brotum kynjanna?

Konur geta alveg drepit með byssu eða hníf til jafns við karla en gera það ekki. Þær geta stolið og framið alvarleg auðgunarbrot eins og karlar en gera minna af því. Í raun er lítið því til fyrirstöðu að bæði kynin séu jafn mikið í afbrotum – líffræðin ætti ekki að hindra að konur fremji afbrot til jafns við karla – en þær gera það ekki. Kon-

ur fremja að sönnu mun færri kynferðisbrot en karlar, en hafa verður í huga að kynferðisbrot eru samkvæmt opinberum skýrslum hlutfallslega fátíð miðað við önnur brot. Hvers vegna er svona mikill munur á kynjunum?

Fræðimenn hafa einkum staldrað við félagslegar, sálrænar og menningarlegar skýringar frekar en einblína á þær líffræðilegu. Félagsmótun kynjanna sé enn þá talsvert ólík.

Jafnvel má spyrja hvort uppeldi stúlkna einkennist af of mikilli stjórnun eða of mikið sé passað upp á þær, sem haldi aftur af þeim. Að drengir séu almennt undir minni stjórnun í uppeldi sem leyfi þeim að hlaupa meira út undan sér, meðal annars til að fremja afbrot.

Gamla hugmyndir um kynin og hlutverk þeirra séu því enn býsna lífseigar. Ólík hlutverk karla og kvenna í samfélaginu, og þá um leið mismunandi félagslegt taumhald á kynjunum, sé enn við lýði þrátt fyrir allt.

Sjálfsmynd kvenna tengist meira móður- og umönnunarhlutverkinu en sjálfsmynd karla. Ábyrgð kvenna á börnum og heimili hafi í för með sér að þær rækti með sér öðruvísi siðferðiskennd en karlar. Að karlar megi ef til vill rasa meira út en konur, megi vera ábyrgðarlausari. Frelsið sé meira hjá körlum til bæði góðra verka og slæmra.

Konur séu því færari um að halda aftur af sér þótt tækifæri gefist til glæpsamlegs afhæfis. Ætlast sé meira til þess að konur feti hefðbundnari leiðir meðan rásin sé lausari hjá körlum.

Konur óttast afbrot meira en karlar

Áhugavert er að konur óttast afbrot meira en karlar og öryggiskennnd þeirra á götu úti er mun minni en karla. Samt sem áður verða mun fleiri karlar fyrir ofbeldi úti á götu en konur. Konur óttast að verða



”Ef konur myndu hegða sér eins og karlar værum við eiginlega komin í villta vestrið með hálfgerðri skálmöld í samfélaginu

fyrir ofbeldi af hálfu ókunnugra en skýrslur sýna að það ofbeldi sem þær verða fyrir er fyrst og fremst framið af körlum sem þær þekkja eða eru í nánu sambandi við. Karlar eru aftur á móti mun oft þolendur ofbeldis af hálfu þeirra sem þeir þekkja lítið eða ekki – þeir hafa sannarlega meiri ástæðu til að óttast að verða þolendur ofbeldis á götu úti en konur.

Hvenær vöknudu fyrst áhyggjur af afbrotum kvenna?

Fyrsta bókin í afbrotafraeði sem sérstaklega tók fyrir hlutdeild kvenna í afbrotum var skrifuð af Freda Adler, bandarískum afbrotafraeðingi, árið 1975 og hét Sisters in Crime – The Rise of the New Female Criminal.

Adler spáði því að með vaxandi áhrifum og atvinnuþátttöku kvenna í samfélaginu til jafns við karla myndu konur fremja afbrot á svipaðan hátt og þeir. Afbrotum kvenna var að fjölga á þessum tíma og ein fyrsta konan hafði nýlega komist á lista FBI yfir hættulegustu afbrotamenn Bandaríkjanna. Marie Dean Arrington, blökk-

kona, drap opinberan starfsmann árið 1969 sem farið hafði með mál hennar og barna í kerfinu. Hún lést fyrir nokkrum árum í fangelsi í hárrí ellu.

Hefur spádómur Adler gengið eftir?

Afbrotum kvenna hefur fjölgað en langt í frá til jafns við afbrot karla. Sem betur fer. Ef konur myndu hegða sér eins og karlar værum við eiginlega komin í villta vestrið með hálfgerðri skálmöld í samfélaginu. Fangelsi myndu ekki bara yfirfyllast heldur þyrftum við tvöfalt fleiri fangelsi með öllum þeim kostnaði sem því fylgir fyrir ríkisbudduna, fyrir utan þann kostnað og sársauka sem skilinn væri eftir meðal borgaranna. Spyrja má hvort það væri ekki miklu öruggara og huggulegra um að litast ef karlar færu að hegða sér eins og konur? Værum við þá ekki komin í draumasamfélagið og þyrftum ekki að óttast afbrot og ofbeldi á götum úti eins og við gerum því miður í dag.

Afbrotum fækkar á Vesturlöndum

Afbrotum tilkynntum til lögreglu hefur fækkað mikið undanfarin ár – fyrst í Bandaríkjunum fyrir aldarfjórðungi eða svo, síðan Evrópu og loks á Norðurlöndum – og nú allra síðustu ár hefur þess líka orðið vart hér á landi einkum í fækkun brota hjá ungmennum.

Ef þróunin er skoðuð eftir kyni sést áhugaverð tilhneiging. Fækkun afbrota er meiri hjá ungum körlum en konum.

Bilið milli kynjanna er því að minnka – karlarnir eru farnir að líkjast konum! Þótt enn sé langt í land eru þetta óneitanlega jákvæðar fréttir fyrir okkur öll, jafnstaðan nálgast mest vegna þess að karlar eru farnir að hegða sér betur en áður og nálgast því konur hvað afbrotahæðun varðar.

Skýringar á fækkun hefðbundinna afbrota á Vesturlöndum eru auðvitað spennandi viðfangsefni. Tengsl foreldra og barna meiri en áður, meiri skipulagður frítími ungmenna og auknar forvarnir, svo örfáar skýringar séu nefndar. ■



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
one[®]
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is



Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS

SAKAMÁL



T maður féll fyrir hendi Bandaríkjamannsins Josephs Martins Danks eftir að hann var, árið 1988, dæmdur til 156 ára fangelsisvistar fyrir að hafa myrt sex manns frá 6. janúar til 20. janúar árið 1987. Joseph Martin fékk viðurnefnið „Koreatown Slasher“ enda leitaði hann fórnarlamba sinna í Koreatown og nágrenni þess í Los Angeles. Að sögn lögreglu, áður en hendur voru hafðar í hári hans, voru árásir Josephs hnitmiðaðar og hann „stingur [fórnarlömb sín] af svo miklu afli að þau lástast nánast samstundis. Hann er hrottalegur og snöggur.“

MYRTUR Í LATEXKLÆÐINGUM

■ Edouard Stern var vellauðugur bankamaður ■ Cecile Brossard afgreiddi í verslun

Frakkinn Edouard Stern var bankamaður, ekki gjaldkeri, deildarstjóri eða nokkuð slíkt. Hann var bankamaður með stóru B-i. Hann fæddist árið 1954 en fjölskylda hans var ein sú ríkasta í Frakklandi, eigandi fjárfestingarbankans Banque Stern. Faðir hans var af bankafólki kominn sem státaði af sögu sem náði allt aftur til 19. aldar í Frankfurt. Þegar þessi saga hefst, árið 2005, er Edouard fimmtugur, þriggja barna faðir, 38. ríkasti maður Frakklands og góður vinur Nicolas Sarkozy, sem varð forseti Frakklands um tveimur árum síðar.

Skotinn í latexgalla

Allt þetta tók endi þegar jarðvist Edouards lauk 28. febrúar, 2005, í þakbúð hans í Genf í Sviss. Þar fannst Edouard bundinn við stól, íklæddur húðlitum latexgalla. Hann hafði verið skotinn fjórum sinnum.

Innan skamms var lögreglan búin að handtaka Cecile Brossard, 36 ára vændiskonu sem hafði verið ástkona Edouards um fjögurra ára skeið. Þau kynntust árið 2001 þegar Cecile vann við afgreiðslu í verslun í flugstöð í París.

Allar götur síðan höfðu þau hist reglulega og stundað kynlíf

„Ein milljón dala er há upphæð til að greiða hóru.“

af miklum móð, kynlíf sem oftast en ekki einkenndist af sadómásókisma.

Milljón dala deila

Eitthvað hafði fallið á samband elskendanna eftir að Edouard gaf



Edouard Stern Var af auðugri bankamannaætt.

REYKJAVIK RAINCOATS

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSTÖÐ

„Ég beindi byssunni að höfðinu á honum og skaut fyrsta skotinu. Byssan var sennilega fimmtán sentimetra frá andliti hans.“

Cecile eina milljón Bandaríkjadala sem hann lagði inn á reikning hennar. Hann fékk síðar bakþanka og kom með einhverjum ráðum í veg fyrir að hún kæmist í milljónina. Sennilega hafa heimatökin verið hæg fyrir bankamanninn.

En það var kannski ekki það versta heldur hvernig hann útskýrði ástæður gjörningsins: „Ein milljón dala er há upphæð til að greiða hóru.“

Ástin horfin

Þetta allt saman kom þó ekki í veg fyrir að þau stunduðu kynlíf áfram á heimili hans, sem var fullt af kynlífsleikföngum og dýrum fornmunum. Kærleikurinn var þó horfinn hjá Cecile og að sögn voru það ekki einu sinni viðskiptahagsmunir sem lágu að baki þátttöku

hennar - hún var drifin áfram af hreinu og kláru hatri.

Áðurnefndan dag í febrúar, 2005, lét hún til skarar skríða. Edouard gat sig hvergi hrært, rígbundinn í stól, þegar Cecile tók hans eigin skammbyssu og miðaði á hann af stuttu færi.

Sprenging í höfðinu

Fyrsta skotið hæfði Edouard á milli augnanna, annað skotið annars staðar í höfuð hans og að lokum skaut hún hann tvisvar sinnum í skrokkinn. Það liðu fjögur ár áður en réttarhöld hófust yfir Cecile og allan tímann var hún í varðhaldi.

Við réttarhöldin sagði hún hvað gerst hefði þennan örlagaríka dag fjórum árum fyrr. „Kvöldið þegar þetta gerðist fannst mér sem eitthvað spryngi í höfðinu

Af sex fórnarlömbum Josephs árið 1987 voru borin kennsl á þrjú. Um karlmenn var að ræða og þrír eru enn óþekktir, enda um flækinga að ræða í öllum tilvikum. Síðasta flækinginn myrta Joseph síðdegis þann 20. janúar 1987. Því miður fyrir Joseph þá voru til staðar vitni og þau ákváðu að láta ekki kyrrt liggja. Þau eltu Joseph drjúgan spöl og tókst að lokum að vekja athygli lögreglunnar. Lögreglunni tókst um síðir að króa Joseph af og sá hann þann kost vænstan að gefast upp og kastaði frá sér hnífnunum. Joseph var dæmdur til 156 ára fangelsisvistar árið 1988. Í fangelsinu myrta hann klefáfélaga sinn með því að kyrkja hann með laki. Það morð var kornið sem fyllti mælinn og árið 1993 var Joseph Martin Danks dæmdur til dauða.



DUM Í MIÐJUM KLÍÐUM

un ■ Tóku upp samband eftir að þau kynntust ■ Edouard særði Cecile

Iðrun og söknuður
Cecile sagðist síðar sakna ástmanns síns og iðrast gjörða sinna.



og ég seildist í byssuna sem hann geymdi í náttborðsskúffunni. Ég beindi byssunni að höfðinu á honum og skaut fyrsta skotinu. Byssan var sennilega fimmtán sentimetrar frá andliti hans.“

Ekki ástríðuglæpur

Cecile bætti við að hún hefði verið átakanlega ástfangin af manninum og væri það enn. Kvíddómur taldi að ekki hefði verið um ástríðuglæp að ræða heldur hefði ágirnd og hatur legið að baki

morðinu.

Cecile viðurkenndi að hafa hreinsað til eftir morðið, hent byssunni í Genfarvatn og síðan lagt á flóttu til Ítalíu og þaðan til Austurríkis.

Þann 18. júní, 2009, var Cecile sakfelld fyrir morð og dæmd til átta og hálfis árs fangelsisvistar.

Að auki skikkaði dómstóllinn í Sviss Cecile til að greiða börnum Edouards einn franka í samvisku-bætur (e. moral damage).

Iðrun og söknuður

Cecile Brossard fékk reynslulausn í nóvember árið 2010 eftir fimm ára fangelsisvist, að meðtöldum þeim fjórum sem liðu frá handtöku til sakfellingar.

Árið 2013 tjáði Cecile sig um morðið í fyrsta skipti síðan rétt að var yfir henni. Hún sagði meðal annars að hún „myndi ævinlega iðrast“ gjörða sinna og að hún saknaði ástmanns síns sem hefði verið „indæl og geislandi persóna.“ ■

Cecile Brossard Vann í verslun þegar hún hittir Edouard.





BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐDUNS

Frí Tjónaskoðun

★ **GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI** ★

Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is



554 2510

SIÓVÁ






SKILTAGERÐ



BÍLAMERKINGAR



BANNER-UP



SÓLARFILMUR



Ráðgjöf
Hönnun
Framleiðsla
Uppsetning



Sundaborg 3 - 104 Reykjavík - 777 2700 - xprent@xprent.is

ÞAU HAFU UNNIÐ SÖ

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Söngkeppni framhaldsskólanna verður haldin laugardaginn 13. apríl í Bíoóhöllinni á Akranesi. Hún verður sýnd í beinni útsendingu á RÚV, en 26 skólar senda keppendur til leiks og má búast við skemmtilegri og drengilegri keppni að vanda.

Samband íslenskra framhaldsskólanema hefur veg og vanda að keppninni, sem hefur verið haldin árlega frá árinu 1990, að árinu 2017 undanskildu þegar keppnin féll niður vegna áhugaleysis og skorts á fjármagni. Menntaskólinn við Hamrahlíð er sigursælastur hingað til en hann hefur unnið fimm sinnum. Menntaskólinn í Reykja-

vík fylgir fast á eftir með fjóra sigra. Fjórir skólar hafa sigrað þrisvar sinnum hver; Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Menntaskólinn í Kópavogi og Tækniskólinn.

„Með þátttöku í svona keppni geta krakkar skapað sér ákveðin tækifæri og svo er það bara þeirra að nýta sér þau,“ sagði Páll Óskar Hjálmtýsson í viðtali við Monitor 18. apríl 2013, en það ár var hann dómari í keppninni, en sjálfur tók hann þátt árið 1990 fyrir hönd Menntaskólans við Hamrahlíð og lenti í 3. sæti. „Mér finnst gott hjá krökkum að taka þátt af því að þetta er svo gott próf. Fyrir mitt leyti fannst mér gott að taka þátt þótt það væri ekki nema bara til að nota kepp-

ina sem mælistiku og athuga hvort það yrði klappað fyrir manni og svo framvegis. Ég hef stundum sagt að ef Idol-keppnin hefði verið haldin þegar ég var yngri, þá hefði ég tekið þátt. Það má því kannski segja að Söngkeppnin hafi verið mín Idol-keppni.“

Margir af þekktustu og vinsælustu söngvurum þjóðarinnar hafa stigið sín fyrstu spor í keppninni og hér má sjá yfirlit yfir nokkra af ástsælustu söngvurum og leikurum þjóðarinnar sem tekið hafa þátt í keppninni. Margir þeirra stigu síðar á svið í stærri söngvakeppnum, Söngkeppni sjónvarpsins og Eurovision.

ÁRIÐ 1990

Móeiður Júníusdóttir (Menntaskólinn í Reykjavík, 2. sæti).

Páll Óskar Hjálmtýsson (Menntaskólinn við Hamrahlíð, 3. sæti).



ÁRIÐ 1991

Margrét Eir Hjartardóttir (Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, 1. sæti).

Hera Björk Þórhallsdóttir (Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, 2. sæti).

ÁRIÐ 1994

Emilíana Torrini (Menntaskólinn í Kópavogi, 1. sæti). Hún söng diskóslagarann I Will Survive.

Selma Björns (Verzlunarskólinn). Hún flutti lag Arethu Franklin, Tregasöngur (I Have Never Loved A Man).




ÁRIÐ 1996

Keppnin þetta ár var svo sannarlega prýdd verðandi stjörnum. Regína Ósk Óskarsdóttir (Menntaskólinn við Hamrahlíð, 2. sæti).

Jón Jósep Snæbjörnsson (Menntaskólinn á Akureyri).

Magni Ásgeirsson (Menntaskólinn á Egilsstöðum).

Hreimur Örn Heimisson (Fjölbrautaskóli Suðurlands).



ÁRIÐ 1998

Birgitta Haukdal (Framhaldsskólinn á Laugum, 2. sæti) Birgitta söng lagið Ég sakna þín, stuttu áður en hún sló í gegn með hljómsveitinni Írafári.



ÁRIÐ 1999

Guðrún Árný Karlsdóttir (Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, 1. sæti).

ANGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA

ÁRIÐ 2000

Sverrir Bergmann (Fjölbautaskóli Norðurlands vestra, 1. sæti) Hann söng lag Bon Jovi, Always, við íslenskan texta Auðuns Blöndal. Orðin „ég skæri mér hjartað úr með skeið“ eru orðin ódauðleg.

Jóhannes Haukur Jóhannesson (Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, 2. sæti).



ÁRIÐ 2001

Sóli Hólm (Menntaskólinn við Sund), annar hluti tvíeykisins Ekta Íslendingur ásamt Birgi Haraldssyni.



ÁRIÐ 2002

Sigríður Thorlacius (Menntaskólinn við Hamrahlíð), dúett ásamt Helga Steinari Helgasyni.



ÁRIÐ 2004

Ævar Þór Benediktsson (Menntaskólinn á Akureyri). Ævar vann síðan sigra á ritvellingum sem Ævar vísdamaður og hefur fengið þorra íslenskra barna til að lesa. mun meira.



ÁRIÐ 2005

Hjaltalín (Menntaskólinn við Hamrahlíð)

ÁRIÐ 2006

Systurnar Hólmafríður og Greta Mjöll Samúelsdætur (Menntaskólinn í Kópavogi, 2. sæti).

ÁRIÐ 2007

Eyþór Ingi Gunnlaugsson (Verkmenntaskólinn á Akureyri, 1. sæti). Hann fór svo strax í þættina Bandið hans Bubba, þar sem hann sigraði einnig.

Nanna Bryndís Hilmarsdóttir (3. sæti). Nanna náði síðan heimsfrægð með hljómsveitinni Of Monsters and Men.



ÁRIÐ 2008

Sigurður Þór Óskarsson (Verzlunarskólinn, 1. sæti). Sigurður Þór fór í leiklistina og leikur nú hlutverk Birkis í Ronju ræningjadóttur, sem sýnt er fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu.



ÁRIÐ 2010

Kristmundur Axel og Júlí Heiðar (Borgarholtsskóli, 1. sæti) fluttu texta Kristmundar Axels við lag Erics Clapton, Tears in Heaven, og vöktu mikla athygli. Kristmundur, sem var aðeins 16 ára, fjallaði um alkóhólistann föður sinn eftir að hann féll; benti föðurnum á að hann hefði valið ranga leið í lífinu og bað hann að koma til baka. „Ég á ekki erfitt með að tjá mig um þetta. Ég vil vekja athygli á því að ástandið er slæmt í þjóðfélaginu; mörg börn missa pabba sinn og mömmu vegna alkóhólisma og eiturylfjanotkunar,“ sagði Kristmundur í viðtali við Morgunblaðið eftir sigurinn.




ÁRIÐ 2011

Dagur Sigurðsson (Tækniskólinn, 1. sæti).



ÁRIÐ 2014

Sara Pétursdóttir, Glowie, (Tækniskólinn, 1. sæti). Athygli vakti að Sara hafði ekki hlotið brautargengi í sjónvarpsþættinum Ísland Got Talent skömmu áður.



ÁRIÐ 2015

Aron Hannes Emilsson (Borgarholtskóli, 2. sæti).

ÁRIÐ 2016

Hljómsveitin Nátt-sól (Menntaskólinn við Hamrahlíð, 1. sæti). Ein stúlkanna þriggja, Elín Sif Halldórsdóttir, vann síðan leiksigur í kvikmyndinni Lof mér að falla.




Castello
PIZZERIA


ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

Helgarkrossgátan



										Höfundar- réttur skilyrtur		keyri	herbergið
										planta			
										næra			
										kostur	1		
										púki			
										vinnuvél		þoki	
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	drykkur	planta	krossgátugerð: Bjarni Sími: 845 2510	rífa		fiskurinn fiskur						
eyðast			10				mataðist krús		↑	ílátin			
sæg							áformið geimvera						
	↓	fótstig kremja						tvíhljóði					
stein- smugan							etja dugleysið						
þegar				heim- reiðina	fædd				veifa	3			
spendýr	4				farvegur	fugl		óvissu					
2 eins			vakin ávextir					mann		æviskeiðið			
	↘					6			↗				
hrossa- höpur					storm glepja			hækkun ófa					
ortur								eldsneyti arðan		soðinn			
	spræmir	álpast næring				2 eins		dýrahljóð árföður					
vinir				2			litlausan megin						
brýsta					gang skarð								
öskraði								kjökra	þesa	8			
		sturlað	fótmál	7	pirrar 3 eins	5							
garmur								tina 2 eins					
	suð							sykurinn					
stefna					halarófuna					9			

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Sudoku

Auðveld

1	2		3		7		5	
8		4		2		1		
	7	3	4				9	
		9		4			1	
7						9		3
3	6		2	7		8		
	1	2						
	5	8	9		4	2		
			1			5	8	4

Erfið

							3	5
		5			9	8	4	
6		7						
	5		3	7		2		
	8		4			5		
	7	8	9	4	3	6		
				2			8	
	1	4	5	6				

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


Hörður Guðmundsson

Boðapingi 18

203 Kópavogi

Lausnarorðið var **TEKETILL**.

**Hörður hlýtur að launum bóka-
ina Brandarar handa byssu-
mönnum**



**Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókin Að vetrarlagi**

Höfundur: Isabel Allende.

Þegar verstí snjóþylur í manna minnum geisar í Brooklyn lendir háskólaprófessorinn Richard í því að keyra á bíl ungrar konu, Evelynar, sem er ólöglegur innflytjandi frá Gvatemala. Ekkert stórmál – fyrr en Evelyn birtist skömmu síðar heima hjá honum og biður um hjálp. Í órvæntingu leitar Richard ráða hjá leigjanda sínum, Lucíu frá Chile, og það verður upphaf óvæntrar ástarsögu og ævintýralegs leiðangurs til Gvatemala samtímans og Brasílu og Chile áttunda áratugar síðustu aldar.

Isabel Allende hóf feril sinn með töfrásögunni óviðjafnanlegu, Húsi andanna, sem fór sigurför um heiminn. Hún hefur síðan skrifað fjölda skáldsagna og átakamála samtímans hafa ávallt verið henni hugleikin. Mannréttindi, mannleg reisn og innflytjendamála eru meginsteffin í þessari heillandi sögu sem skrifuð er af rómuðu innsæi ástsæls höfundar.

Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi.



KUBBALJÓS

Íslensk framleiðsla – gæði í gegn
margir litir – margar gerðir



Veggljós



Loftljós



Útiljós

15% afsláttur af ljósum í apríl



Verðlaunaleikur: Þekkirðu börnin?

Veglegir barnabókapakkar að gjöf frá Bókabeitunni

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Barnameningarhátíð fer fram í Reykjavík dagana 9.–14. apríl. Leiðarljós hennar eru gæði, margbreytileiki, jafnræði og gott aðgengi að menningu barna, með börnum og fyrir börn.


Fjölmarginir og fjölbreyttir viðburðir fara fram um alla borg í grunn-, leik- og listaskólum, ásamt frístundamiðstöðvum. Einnig fer dagskrá fram í Hörpu og Ráðhúsinu.

Í tilefni hátíðarinnar taka fjölmarginir Facebook-notendur þátt og birta barnamynd af sér sem prófilmynd á samfélagsmiðlinum. Það

var því tilvalið að fá leyfi nokkurra þektra einstaklinga og efna til leiks í samstarfi við Bókabeituna, sem gefur út skemmtilegar og áhugaverðar barna- og unglingsbækur, eftir bæði innlenda og erlenda höfundu.

Þekkir þú þessa 10 einstaklinga? Sendu okkur svörin fyrir fimmtudaginn 18. apríl með bréfpósti til DV, Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík, á netfangið fokus@dv.is eða í gegnum Facebook-síðu Fókuss.

Við drögum út tvo heppna vinningshafa fimmtudaginn 18. apríl og fær hvor þeirra veglegan barnabókapakka með fimm barnabókum frá Bókabeitunni að gjöf. ■



Skemmtilegt og fræðandi

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN
10 köfuchstu illgæstin
Arabísk málningarkéfa
Flóra Íslands
Ánn Baldur Hildberg teknaft

Áskrift 2019
Fimm tölublöð + tvö eldri blöð fylgja með nými áskrift.
Aðeins kr. 7860
sé greitt með kreditkort!



Gladningur allt árið, gæði og góð lesning

Áskrift í síma 578-4800 eða á www.rit.is



Fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu. Rúnar hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Elís og Sigurður, þar ásamt föður sínum.

Orðsporið skiptir útfararþjónustu miklu. „Ef maður sinnir sinu starfi vel er það fljótt að spyrjast út,” segir Rúnar sem hefur 35 ára reynslu af útfararþjónustu. „Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólki við þessar aðstæður þjónustu gegn greiðslu en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni,” segir hann.

Formaður Félags íslenskra útfararstjóra

Ásamt daglegum störfum við hefðbundna útfararþjónustu er Rúnar Geirmundsson formaður Félags íslenskra

útfararstjóra. Félagið hefur verið starfrækt í yfir áratug og hefur Rúnar verið formaður þess allt frá upphafi. Aðaltilgangur félagsins er skapa vettvang til að halda utan um siðareglur útfararstjóra. „Starf mitt sem formaður felst aðallega í því að halda utan um fundastarf og framfylgja reglum og samþykktum aðalfunda. Ég sækja einnig fundi erlendis enda á félagið í talsverðum erlendum samskiptum. Siðareglur evrópskra útfararstjóra eru til að mynda grunnur íslensku siðareglanna,” segir Rúnar. Ekki er lagaleg skylda að útfararstjóra séu í félaginu en nánast allir starfandi útfararstjórar eru þó félagsmenn og hafa undirritað siðareglur félagsins.

Virðingin og alúð

Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðunum og síðan í eigin fyrirtæki. Aðspurður segist hann hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að

hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljýja, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.

Þegar andlát ber að garði er mikilvægt að hafa samband við útfararþjónustu sem fyrst,” segir Rúnar. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest eða athafnarstjóra og síðan að tímasetja allar athafnir og bóka grafartöku eða bálför. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut að sinna en við síðum um allt er líftur

að undirbúningi og framkvæmd útfara. Til að mynda höldum við utan um öll samskipti við aðstandendur, tónlistarfólk, kirkjur, blómabúðir, kirkjugarða og alla þá sem koma að útför.”

Íslensk hönnun og handverk

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar leggur mikið upp úr því að vera með fallegar kistur á góðu verði sem standast ströngu-ustu kröfur um umhverfisvernd. Algengastar eru hinar hefðbundnu hvítu kistur en alltaf er eitthvað um að fólk vilji harðviðar kistur, til dæmis eik eða mahóní. Val á kistum getur vafist fyrir aðstandendum enda úrvalið nokkuð. „Við eigum umhverfisvænar og fallegar hefðbundnar hvítar kistur, sem eru algengastar, en einnig töluvert úrval af

viðarkistum.“ Í fyrsta sinn á Íslandi hefur Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar nú látið hanna og smíða íslenskar kistur úr íslenskum við í samstarfi við Þorstein B. Jónmundsson trésmið. „Við höfum hannað sérs-taka kistu og duftker út frá hugmyndinni um íslenska kistu úr alíslenskum við til brennslu og jarðsetningar,” útskýrir Rúnar. Kisturnar eru úr við sem er unninn og þurrkaður í Hallormsstaðarskógi. „Þessi kista er mjög falleg, úr grófum við og ólökkuð eða máluð á náttúrulagan máta.”

Nánari upplýsingar er að finna á utfarir.is eða í síma 567-9110 allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Rúnar Geirmundsson



Þorbergur Þórhásson



Elís Rúnarsson



Sigurður Rúnarsson

Hvað er Eva Ruza að horfa á?

Ég viðurkenni að ég horfi aðallega á sjónvarpsþætti sem gera mig ekkert endilega gáfaðri en ég er og ég er algjör „reality“ fíkill. Mér finnst fátt skemmtilegra en að sökkva mér inn í heim frægustu mæðgna í heimi í þættinum „Keeping up with the Kardashians“. Ég lífi mig gríðarlega mikið inn í líf þeirra og elska dramað, glamúrinn og vesenið í þeim. Ég er að sega ykkur það, þar er enginn fjölskylda með tærnar þar sem þær hafa hælana í dramanu. Núna bíð ég til dæmis spennu eftir Tristan/Jordyn-dramanu. (Tristan, barnsfaðir Khloé fór í sleik við Jordyn sem var besta vinkona Kylie, sem er systir Khloé). Geggjað sjónvarp!

Netflix-þættirnir „Riverdale“ eru búnir að fanga mig, en ég var mjög sein að uppgötva þá. Um leið syrgi ég vin minn Luke Perry sem lék í þáttunum, en hann lést fyrir ekki svo löngu.



Guðlaugur í vanda

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra mætti Þorsteini Sæmundssyni, þingmanni Miðflokksins, í Kastljósi í vikunni til þess að ræða þriðja orkupakkann. Lenti Guðlaugur upp við vegg þegar rætt var um valdaframsal og beitti þá gamalkunnunni bragði; að vaða í þáttarstjórnandann sem að þessu sinni var Einar Þorsteinsson.

Til umræðu var álitgerð Stefáns Más Stefánssonar lagaþrófessors um orkupakkann og valdaframsal til ESA. Í stað þess að svara spurningu með yfirvegun brást Guðlaugur illa við og vændi þáttarstjórnanda um að hafa ekki kynnt sér málið. Veikti hann þar með málstað sinn og Miðflokksmaðurinn gekk frá

viðtalinu sem hinn yfirvegaði af þeim tveimur.



Mæður eru sonum verstar!

Loki

Móðir freistar þess að knésetja son sinn

Alþjóðlega Reykjavíkurskáknotið er í fullum gangi í Hörpu. Þar etja kappi um 240 keppendur frá 32 þjóðlöndum og á öllum aldri. Ein eftirtektarverðasta skákin hingað til er viðureign Lenku Ptacnikovu við ellefu ára gamlan son sinn, Adam Omarsson, í fimmtu umferð mótsins, sem fram fór á fimmtudagskvöldið. Úrslit skákarinnar voru ekki kunn þegar blaðið fór í prentun. „Þetta er líklega einsdæmi í íslensku skák sögu, sérstaklega á svo sterku alþjóðlegu móti. Það hafa áður verið viðureignir milli feðga en ég minnst þess ekki að íslensk mæðgin

hafi att kappi á slíku móti,“ segir Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands. Lenka hefur um árabíl verið sterkasta íslenska skákkonan en Adam er að stíga sín fyrstu skref í alþjóðlegri keppni. „Strákurinn er að standa sig vel en móðirin er mun sigurstranglegri,“ segir Gunnar. Þess má geta að faðir Adams, Omar Salama, er aðstoðarmótsstjóri og tryggði hann að viðureignin færi fram eftir settum reglum.

Gunnar segir erlenda gesti vera himinlifandi með umgjörð mótsins og sérstaklega vettvang þess, Hörpu. „Reykjavíkurskáknotið er orðið eitt virtasta, opna skákmót

heims og flesta skákferðamenn dreymir um að tefla í mótinu. Aðdráttarafl Hörpu leikur þar stórt hlutverk,“ segir Gunnar.


Í dag, föstudag, er gert eins dags hlé á Reykjavíkurmótinu vegna Evrópumótsins í Fischer-slembiskák. „Fischer þróaði þetta afbrigði við skákina á sínum tíma. Munurinn er sá að fyrir hverja aftan peðin raðað á handahófskenndan hátt. Þetta gerir að verkum að þekking sterkra skákmanna á byrjunum gagnast þeim ekkert. Þetta er skemmtilegt tilbrigði við klassísku skákina sem nýtur sífellt meiri vinsælda. Okkur fannst við

hæfi að veita þessari uppfinningu Íslendingansins, Bobbys Fischer, rými á skák-hátíðinni okkar,“ segir Gunnar.



FALLEGT ÚTLIT VÖNDUÐ HÖNNUN

Hefðir, handverk og framþróun. Nýja Inspiration línan hefur fallegt og gæðalegt útlit í samræmi við innri gæði. Hægvaхта fura, náttúrulegt latex, þéttofin bómull og okkar eigið gormakerfi úr sænsku karbon stáli gefur óviðjafnanleg þægindi og stuðlar að góðum svefni.



DUXIANA
Ármúla 10
☎ 568 9950
duxiana.is

DUXIANA®
Háþróaður svefnbúnaður